

38. ÁRSPÍNG KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið á Ísafirði 9.-10. maí 1998

1. SETNING PINGSINS

Ólafur Rafnsson formaður KKÍ tók til máls og bauð þingfulltrúa velkomna. Að því búnu veitti hann Jóhanni Ingólfssyni silfurmerki KKÍ fyrir góð störf innan hreyfingarinnar. Áður höfðu Sólrun Anna Rafnsdóttir og Ægir Ágústsson fengið silfurmerki og Sigurður Valgeirsson gullmerki KKÍ fyrir góð störf innan körfuknattleikshreyfingarinnar.

2. KOSNING KJÖRBRÉFANEFDAR, ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA

Ólafur Rafnsson stakk uppá Óla M. Lúðvíkssyni sem 1. þingforseta og var það samþykkt með lófklappi. Jafnframt var Ólafur Rafnsson kjörinn 2. varaforseti.

Þingforseti, Óli M. Lúðvíksson tók við stjórn þingsins .

Pétur Hrafn Sigurðsson var kosinn 1. þingritari og Björn Leósson 2. þingritari. Óli stakk uppá Gunnari Þorvarðarsyni, Hannesi Jónssyni og Guðjón Þorsteinssyni í kjörbréfanefnd og var það samþykkt með lófataki.

3. KOSNING FASTRA NEFNDNA

Allsherjarnefnd:

Halldór Halldórsson, Gísli Georgsson og Bjarni Steinarsson.

Fjáhagsnefnd:

Grétar Pálsson, Gísli Friðjónsson og Þórður Kolbeinsson.

Laga og leikreglnanefnd:

Þorgrímur Árnason, Eyjólfur Guðlaugsson og Magnús Svavarsson.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR

Ólafur Rafnsson kynnti skýrslu stjórnar, sem er að finna í árskýrslu KKÍ. Ólafur sagði síðan:

Ágætu félagar,

Starfsári stjórnar Körfuknattleikssambandsins fyrir árið 1997-1998 er nú að ljúka. Fyrir ykkur liggur skýrsla stjórnar um þau merkustu mál sem boríð hefur fyrir stjórnina á tímabilinu, og er ekki ætlun mín að endursegja það sem þar stendur, heldur vísa til skýrslunnar um þau atriði.

Hefur starfsárið að mörgu leyti verið erfitt, en engu að síður hefur að okkar mati miklu verið áorkað. Teljum við okkur geta litið nokkuð sáttir um öxl, þótt ávallt sé svo að við getum gert enn betur á ýmsum sviðum.

Fjármál sambandsins eru í sjálfu sér í prýðisgóðu lagi, réttu megin við nállið, og er nú vonandi að hefjast nauðsynlegt stöðugleikatímabil þar sem gerðir hafa verið margir langtímasamningar við fjármögnunaraðila. Slíkt er nauðsynlegt svo unnt sé að gera raunhæfar fjárhagsáætlanir og leggja út í skipuleg fræðslu- og útbreiðsluverkefni, en slík verkefni hafa gjarnan setið á hakanum vegna óvissu í tekjuhlið fjármála milli ára. Árangur starfsins í fjármálum á eftir að koma fram á næstu 2-3 árum. Visa ég að öðru leyti til framlagðs ársreiknings um fjármál.

Eins og ég sagði þá hafa ýmis erfið mál komið inn á borð stjórnar nú í veturn, mál sem hafa ýmist verið tímafrek eða erfið úrlausnar. Má þar sem dæmi nefna erfiða fjárhagsstöðu einstakra félaga og jafnvel nauðasamninga, sem því miður varð að hafna í báðum tilvikum, félagaskipti Grikkjans í Grindavík, erfiðleika í deildarkeppni kvennaflokka, ágreining um reglur við mótafrestanir og yfirvofandi dómaraverkfall. Tel ég að úr þessum málum hafi verið leyst á skynsamlegan og málefnalegen hátt að svo miklu leyti sem þau hafa snúið að stjórn KKÍ.

Ýmis erfið, en jákvæð, mál hafa jafnframt verið á herðum stjórnar nú í veturn. Sameiningarmál ÍSÍ og ÓÍ hafa tekið gríðarlega mikinn tíma, og tel ég að þar hafi tekist vel til hjá íþróttahreyfingunni. Stjórn KKÍ ritaði hinni nýkjörnu stjórn ÍSÍ bréf nú á þessu ári vegna afreksstefnu Íþróttasambandsins, en þar teljum við að körfuknattleiksíþróttin hafi borið verulega skarðan hlut frá borði, og mætti ætla að ekki væri að finna mikla afreksmenn í okkar röðum.

Hefur KKÍ einungis fengið 0,6% af 82 m.kr. styrkjum afrekssjóðs undanfarin 4 ár. Bréf þetta geta þingfulltrúar fengið að sjá afrit af hjá okkur, en skemmt er frá því að segja að framkvæmdastjórni ÍSÍ brást vel við bréfinu, og hefur nú verið ýtt úr vör starfi við endurskipulagningu afreksstefnu sambandsins, sem jafnframt gæti breytt forsendum lottóskiptingar. Tel ég að breytingar á þessu kerfi geti ekki orðið öðruvísi en körfuknattleiknum í hag - svo rýr er okkar hlutur miðað við umfang.

Ég vil enn fremur nefna það að ýtt var úr vör stofnun svæðisstjóraembætta á landsbyggðinni, og reynir nú fyrst á það í sumar. Vænti ég mikils af því starfi. Gerð var tilraun til að auka áhuga fjölmíðla með afar vel heppnuðu fjölmíðlaseminari þar sem blandað var saman fróðleik, áróðri og léttir skemmtun. Upplýsingamál á internetinu er bylting sem tekið hefur nokkurn tíma, en hefur að mínu mati tekist vel, og þarf að halda áfram að vinna að. Þá var hafist handa við matskerfi dómara, sem þarf e.t.v. einhvern tíma til að þróast.

Ég leyfi mér að fullyrða að óvíða er jafn mikið þróunarstarf í gangi hjá nokkrum sérsambandi á Íslandi. Vil ég þar sem dæmi sérstaklega nefna mótahald, en þar hefur KKÍ verið í fararbroddi, og önnur sérsambond líta með öfundaraugum á þau vel heppnuðu mótm sem körfuknattleikurinn hefur þróað, og það í öllum keppnisflokkum.

Nefna má frumkvæði að úrslitakeppni hér lendis, sérhæfðum keppnisreglum yngstu flokka, aldurs- og flokkaskiptingar, landshlutaskiptir riðlar, og nú síðast vel heppnað Eggjabikarmót sem sameinar fjölmög sjónarmið á borð við landsbyggðaruppbryggingu, tengingu við 1. deild, úrslitaleiki á dauðum tíma og frábært fyrirkomulag úrslitahelgar hefur leitt til aukinnar fjölmíðlaathygli.

Minnist ég þess sérstaklega að í pallborðsumræðum um íþróttamál í útvarpi um áramótin voru fulltrúar innan íþróttahreyfingarinnar sérstaklega sammála þessu. Jafnframt var þar varpað lofi á þá landsbyggðaruppbyggingu sem átt hefur sér stað innan KKÍ, auk skipulegrar, skynsamrar og umfram allt þolinmóðrar uppbyggingar landsliða.

Körfuknattleikur hefur mjög jákvæða ímynd í þjóðféluginu. Þetta eru verðmæti sem hafa orðið okkur að beinhörðum peningum, því auk sjónvarpsathygli þá er það góð ímynd sem fyrirtæki sækjast eftir í dag þegar þau gera viðskiptasamninga við íþróttahreyfinguna. Sjónvarpsauglýsing KKÍ og Lýsingar hf. er gott dæmi um þetta, hringferð og landsbyggðaruppbygging, og góðgerðarleikur KKÍ hefur nú styrkt krabbameinssjúk börn, vímulausa æsku og styrktarfélag hjartveikra barna. KKÍ hefur nú í nokkur ár unnið samkvæmt slagorðinu "Körfubolti er fyrir alla", og hafa nú önnur íþróttasamtök innleitt það slagorð.

Stærstur hluti þeirrar ímyndar, sem ég hef verið hér að fjalla um, liggur þó hjá aðildarfélögum okkar, ykkur ágætu þingfulltrúar. Á meðan aðrar íþrótttagreinar hafa skaðað íþróttahreyfinguna í heild sinni með ábyrgðarlausu fjöldiðlarifrildi þá hafa félög innan KKÍ leyst nákvæmlega sambærileg mál sín með skynsamlegum hætti í réttum farvegi. Á sama hátt þá virðist mér að í yfirgnæfandi hluta tilvika ríki mikill drengskapur í keppni körfuboltans og ánægjulegt að fréttu af tilvikum um gestrisnar móttökur liða og vinskap fyrir og eftir leik. Þannig á það að vera - við eigum að vinna saman utan vallar en halda keppninni innan marka leiksins.

Vissulega hafa einnig verið blikur á lofti, og einna sárast hefur mér þótt að heyra um tilvik þar sem andstæðingar hafa verið vanvirtir. Slíkt eru þó sem betur fer undantekningartilvik. Enginn andstæðingur á slíkt skilið, og slíkum hugsunarhætti þurfum við í sameiningu að breyta. Óþarfa niðurlæging andstæðings er hroki sem við eigum ekki að liða.

Ég lenti sjálfur í því fyrir 12-13 árum þegar ég var að þjálfa Minnibolta að lið mitt sigraði c-lið ÍR 112-2. Þvílíkt afrek. Þetta var ógurlega gaman og mikið fjör eins og gefur að skilja, en það var ekki fyrr en ég fór að taka þátt í félagsstarfi hreyfingarinnar mörgum árum síðar sem ég nánast hrökk upp og áttaði mig á því hvað ég hafði gert - ekki bara leikmönnum c-liðs ÍR, heldur ekki síður mínum eigin drengjum. Hvað var ég að kenna þeim í körfuknattleik? Hvaða skilaboð var ég að senda þeim? Eftir á að hyggja þá vildi ég óska þess að einhver hefði komið til míni í hálfleik og útskyrt þetta fyrir mér þá. Þetta er meginatriði málsins, við þurfum að uppfræða leiðbeinendur og leikmenn okkar um að þetta gerir engum gagn.

Annars hefur deildarkeppni sambandsins verið eftirminnileg í vetrur. Efsta deild kvenna var með nokkuð sérstökum hætti í vetrur vegna fækkunar liða. Liðum hefur að vísu ekki fækkað, heldur flutt sig niður um deild. Engu að síður hefur þróunin orðið sú að flestir bestu leikmenn landsins hafa hópast í 2-3 lið. Hefur þetta leitt til þess að keppnin hefur e.t.v. orðið einhæfari, en umfram allt hefur breidd þeirra liða leitt af sér meiri gæði íslensks kvennakörfuknattleiks heldur en nokkru sinni fyrr, sem aftur hefur leitt af sér meiri sjónvarpsathygli en nokkur dæmi eru um í sögu íslensks kvennakörfuknattleiks.

Þetta er jákvæða hliðin við ástandið í kvennakörfu, en ástæða er þar til að hafa áhyggjur af heildarstöðu mála, og hefur stjórn KKÍ unnið skýrslu til að breyta þar vörn í sókn. Hefur sú skýrsla verið nefnd "sókn í kvennakörfuknattleik", og byggir á því að allir leggist á eitt að snúa þróuninni við.

Í DHL-deild karla höfum við fengið að sjá langjöfnustu keppni frá upphafi. Aldrei hafa jafnmögri lið teft fram jafnmögum jafngóðum leikmönnum. Sæti í úrslitakeppni og röðun innan hennar réðist ekki fyrr en í síðustu umferðum, og ljóst var að allir gátu unnið alla. Óvænt úrslit urðu enda reyndin, og fjölmargir oddaleikir í úrslitakeppninni. Í reynd má segja að ekki hafi verið sanngjart að nokkuð lið felli úr deildinni.

Breiddin í íslenskum körfuknattleik endurspeglast e.t.v. best í þeirri staðreynd að í þeim þemur opinberu mótum sem KKÍ stendur fyrir í karlaflokki lék ekkert lið á tveimur stöðum til úrslita: Keflavík og UMFT í Eggjabikarnum, Grindavík og KFÍ í Renaultbikarnum og UMFN og KR í íslandsmótinu. Vil ég hér óska öllum liðum til hamingju með sína titla.

Ekki fer jafn hátt um keppni í neðri deildum karla, en starfið þar er á hinn bóginn góður mælikvarði á þróun næstu ára. Ég varð þess heiðurs aðnjótandi nú annað árið í röð að fylgjast með hörkuúrslitaleik í 2. deild karla, nú á milli Fylkis og Vestmannaeyja, og vil ég bjóða Fylkismenn velkomna í 1. deild. Fyrir einungis 3-4 árum þá þurftum við að sækja lið í annað, þriðja eða jafnvel fjórða sæti 2. deildar til að taka sæti í 1. deild, sem þá var skipuð 7-8 liðum með mismikinn metnað, allt niður í það að vera n.k. firmalið. Í dag eru 3-4 lið að berjast um að komast upp í 1. deild, sem nú er skipuð 10 liðum sem nær öll hafa öflugt ungingastarf.

Keppni fyrstu deildar er sterkari en nokkru sinni fyrr, og kom það berlega í ljós í bikarkeppnum vetrarins þar sem þau velgdu DHL-deildarliðum vel undir uggum. Hörð baráttu var í úrslitakeppni 1. deildar, og náði ég að mæta í frábæra stemmningu bæði á heimaleikjum hjá Stjörnunni og Þór Þorlákshöfn. Lið Snæfells úr Stykkishólmi endurheimti hinsvegar aftur sæti sitt í deild þeirra bestu, og vil ég sérstaklega bjóða þá velkomna á ný. Öll þessi þróun í meistarafloksdeildum karla hefur átt sér stað á fáum árum, og á sama tíma og við fjölguðum um tvö lið í DHL-deildinni. Við höfum því fulla ástæðu til bjartsýni um framtíðina.

Ekki er unnt að skilja við umfjöllun um keppnishald án þess að minnast á þær skólakeppnir sem KKÍ hefur ýtt úr vör. Framhaldsskólamót KKÍ og Sparisjóðanna er nú þriggja ára gamalt, og hefur vaxið jafnt og þétt. Byrjað var á grunnskólamóti bekkjardeilda nú s.l. haust, og er þar að minu mati um stórkostlegt sóknarfæri fyrir körfuknattleik á Íslandi ef rétt er á spilum haldið. Er hér nauðsynlegt að félög sýni KKÍ fullan skilning og aðstoði við framkvæmdina eins og kostur er, en félögin bera engan kostnað af þessu starfi KKÍ. Hér eru lykilordin þolinmæði og þrautseigja, og þá mun þetta átak skila okkur stórkostlegum árangri á næstu 5-10 árum.

Nú, en eins og þingfulltrúar vita mætavel þá heldur Körfuknattleikssamband Íslands úti keppnisliðum með keimlíkum hætti og önnur félög á landinu. Á ég hér vitaskuld við landsliðin okkar. Hefur árangur A-landsliða okkar verið með miklum sóma,

kvennaliðið hefur á undanförnum 2-3 árum leikið tvöfalt fleiri landsleiki en áður og sigrað bæði á síðasta Promotion Cup og Smáþjóðaleikum, í báðum tilvikum í fyrsta sinn, og karlalandsliðið okkar hefur rækilega vakið alþjóða athygli fyrir frábæra frammistöðu í riðlakeppni EM. Starf í yngri landsliðum hefur verið mjög öflugt, og þær nefndir sem lagt hafa hönd á plöginn unnið mikið starf. Ætla ég ekki að rekja landsliðsmál nánar hér, heldur vísa til fyrirliggjandi skýrslna þeirra nefnda.

Ég vil hinsvegar víkja nánar að starfi okkar ágætu körfuknattleiksdeilda um allt land. Það er míin einlæga skoðun að litið verði á þennan áratug til baka í sögunni sem afrek fyrir þá aðila sem störfuðu innan íþróttadeilda á Íslandi. Aldrei fyrr eða síðar hafa kröfur verið jafn miklar og verkfæri til að standa undir þeim jafn rýr. Möguleikar til tekjuöflunar, og hvati til starfa, eru í sögulegu lágmarki miðað við auknar kröfur. Ég tel óhjákvæmilegt að hið opinbera komi í ríkari mæli að rekstri þess mikla uppeldis- og forvarnarstarfs sem fram fer í íþróttafélögum, og tel ég að sú þróun hefjist þegar í upphafi næstu aldar.

Á meðan lít ég svo á að þið, stjórnarmenn í félögum, séuð að vinna þrekvirki á hverjum degi, og vil ég hvetja ykkur til dáða undir þeim formerkjum. Þetta hefur leitt til þess að æ erfiðara er að fá fólk til starfa á réttum forsendum, og verðum við að bregðast við þeirri þróun með því að auka hvata fyrir stjórnarmenn. Án góðrar stjórnar verður starf í félagi aldrei gott, alveg sama hversu dýrir leikmenn eru keyptir eða hæfir þjálfarar ráðnir. Ég heyrði hugmynd fleygt að skynsamlegra væri að kaupa fyrst góða stjórnarmenn áður en erlendir leikmenn eru keyptir, og hvort sem hún var sett fram í gamni eða alvöru þá hef ég heyrt vitlausari hugmyndir.

Þegar þannig árar er mikilvægt að flæma ekki fólk úr hreyfingunni með neikvæðni og ómálefnalegri gagnrýni. Við áorkum engu með því eingöngu að "benda fingrum" á allt og alla. Vil ég hér endurtaka niðurlagsorð míin frá síðasta þingi, en þau voru að jákvæðni og neikvæðni eru bæði afl i sjálfu sér, annað byggir upp en hitt dregur niður.

Allir þekkja dæmið um neikvæða leikmanninn sem aldrei gerir sjálfur mistök: samherjinn gat bara ekki gripið sendinguna hans, þjálfarinn er asni og skilur ekki hvað hann er góður, dómarinn er það allélegasta sem blásið hefur í flautu, svo ekki sé minnst á stjórn félagsins sem getur ekki einu sinni borgað honum laun við hæfi - slíkum snillingi. Öllum er okkur ljóst hver árangur þessa leikmanns verður, svo ekki sé minnst á áhrif hans á liðið.

Ég bið ykkur því, ágætu félagar, að hafa það í huga að við erum að vinna sameiginlega að félagsstarfi, í senn uppeldis- og afreksstarfi. Við erum öll að gera okkar besta, við störfum öll í misþunnum glerhýsum. Spörum því neikvæðni og óþarfa fingrabendingar en aukum jákvæðni og samstarf um lausnir vandamála. Ég vona að við komum til með að eiga hér gott þing saman.

Takk fyrir.

Þingforseti gaf formanni kjörbréfanefndar orðið.

Gunnar Þorvarðarson tók til máls og las upp nöfn þingfulltrúa með atkvæðisrétt.

Íþróttabandalag Reykjavíkur
Gísli Georgsson

Guðbjörgu Norðfjörð
Guðmundur Þór Jóhannesson
Hörður Gauti Gunnarsson
Ingi Þór Steinþórsson
Lárus Árnason
Kristinn Vilbergsson
María Guðmundsdóttir
Magús Ólafsson
Sófus Guðjónsson
Óttar Magni Jóhannsson
Páll Sævar Guðjónsson
Svali Björgvinsson með umboð fyrir Torfa Magnússon
Þórður Kolbeinsson
Björn M. Björgvinsson
Gísli Friðjónsson
Gerður Gunnarsdóttir með umboð fyrir Pétur Hólmsteinsson
Bjarni Gunnarsson með umboð fyrir Halldór Þorsteinsson
Gísli Hjaltason með umboð Karl Jónsson

Ungmennasamband Kjalarnesþings
Hannes Jónsson með umboð fyrir Kristínu Magnúsdóttur
Bjarni G. Þórmundsson með umboð fyrir Einar Pétursson
Björn Leósson með umboð fyrir Gunnar Viðar
Pétur Hrafn Sigurðsson

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Samúel Guðmundsson
Brynjar Indriðason
Sverrir Hjörleifsson
Ólafur Rafnsson með umboð fyrir Sigþór Kristinsson

Íþróttabandalag Suðurnesja
Eyjólfur Guðlaugsson með umboð fyrir Guðfinn Friðjónsson
Ólafur Þór Jóhannsson með umboð fyrir Hermann Guðmundsson
Róbert Tómasson með umboð fyrir Margeir Guðmundsson

Íþróttabandalag Ísafjarðar
Guðjón Þorsteinsson
Gísli E. Úlfarsson
Halldór Sveínþjörnsson
Eygló Jónsdóttir
Elín Ólafsdóttir
Róbert H. Halldórsson
Guðni Ó. Guðnason

Varamenn
Margrét B. Jónsdóttir
Ingibjörg Guðmundsdóttir
Helgi Sigmundsson

Torfi Jóhannsson
Flosi Kristjánsson
Sigríður Bragadóttir
Jón Kristmannsson

Ungmennasamband Skagafjarðar
Halldór Halldórsson með umboð fyrir Pál Kolbeinsson

Ragnheiður Matthíasdóttir
Jóhann Ingólfsson
Hrönn Péturnsdóttir
Magnús Svavarsson

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Bjarni Steinarsson
Ingibjörg Hargrave
Gísli Halldórsson
Anna E. Steinsen
Sigurður Már Einarsson
Ragnheiður Gissurardóttir

Varamenn
Guðrún Haraldsdóttir
Guðjón Árnason

Héraðssamband Snæfellsne og Hnappadalasýlu
Grétar D. Pálsson með umboð fyrir Ásgeir Gunnar Jónsson
Birgir Mikaelsson með umboð fyrir Trausta H. Ólafsson

Íþróttabandalag Akureyrar - Ungmennasamband Eyjafjarðar
Agust Guðmundsson með umboð fyrir Jónas Pétursson
Árni Páll Halldórsson með umboð furor Árna Gunnarsson
Davíð Hreiðarsson með umboð fyrir Bjarma Skarphéðinsson
Guðjón A. Gylfason með umboð fyrir Ólaf Hauksson

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar
Gunnar Þorvarðarson
Viðar Kristjánsson
Alexander Ragnarsson
Ólafur Guðbergsson
Þorgrímur St. Árnason með umboð fyrir Guðlaug Sigurjónsson
Erla Sveinsdóttir
Birgir Már Bragason
Guðrún Þorsteinsdóttir
Jóhanna Guðbjartsdóttir

5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS TIL SAMÞYKKTAR

Gísli Friðjónsson gjaldkeri KKÍ fór yfir reikninga KKÍ eins og þeir koma fyrir í ársskýrslu KKÍ.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því reikningana undir atkvæði og r voru þeir samþykkt samhljóða.

6. STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÄSTA ÁR

Þingforseti tók fyrir fjárhagsáætlun næsta árs sem var þingskjal nr. 1 og lagði til að því yrði vísað til fjárhagsnefndar og var það samþykkt.

7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR ÞÆR SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR

Þingforseti tók fyrir þær tillögur sem bnorist höfðu og vísaði þeim til nefnda.

Þingskjal nr. 1 til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 2 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 3 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 4 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 5 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 6 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 7 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 8 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 9 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 10 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 11 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 12 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 13 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 14 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 15 til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjal nr. 16 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 17 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 18 til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 19 til allsherjarnefndar.

ÞINGHLÉ

SUNNUDAGUR 11. MAÍ

Þingforseti bauð góðan dag og las að síðan upp skeytti sem barst þinginu.

„Körfknattleikssamband Íslands, Ólafur Rafnsson, Hótel Ísafjörður, Ísafirði. Sendum ykkur bestu kveðjur á ársþing KKÍ. Þökkum mikil og góð samskipti, með bestum kveðjum, Íþróttta og ólympíusamband Íslands, Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri.

Að því búnu gekk þingforseti til dagskrár og gaf Grétari Pálssyni formanni fjárhagsnefndar orðið.

Grétar þakkaði fyrir síðast og tók síðan fyrir þau tvö þingskjöl sem nefndin hafði til meðferðar. Hann tók fyrst fyrir þingskjal nr. 1 fjárhagsáætlun KKÍ og sagði að nefndin leggði til að þingskjalið yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um þingskjal nr. 1. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Grétar tók því næst fyrir þingskjal nr. 18 tillaga frá dómaranefnd KKÍ um breytingu á reglugerð fyrir dómaranefnd. Grétar sagði að nefndin teldi að hér væri um kjaramál að ræða sem félag dómara ætti að ræða við sína viðsemjendur, þ.e.a.s. félögin. Hann sagði að nefndin leggði til að 6. grein reglugerðar um dómaranefnd yrði felld út og aðrir liðir yrðu færðir upp sem því næmi. Hann sagðist harma það að flytjendur tillögunnar hefðu ekki verið til staðar til að tala máli sínu. Hann sagði að ef tillaga nefndarinnar yrði samþykkt þá yrði þingskjali nr. 18 vísað frá. Hann sagði að jafnframt leggði nefndin til eftirfarandi ályktun: „38 ársþing KKÍ..... ályktar eftirfarandi: Félög og dómarar skulu semja sín á milli um þóknun fyrir dómgæslu. Samningum skal lokið fyrir 15. ágúst ár hvert. Náist ekki samningar milli aðila skal skipa úrskurðarnefnd sem skilar úrskurði um hver þóknun dómara skuli vera, eigi síðar en 1. september. Úrskurðarnefndin skal skilið einum fulltrúa frá félögunum, einum fulltrúa frá dómurum og einum fulltrúa skipuðum af ÍSÍ.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 18.

Enginn kvaddi sér hljóðs og tók þingforseti því fyrir tillögu fjárhagsnefndar að 6. grein reglugerðar um dómaranefnd falli út og aðrar greinar færist upp sem því nemur. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti las því næst upp ályktun fjárhagsnefndar um kjaramál dómara (Félög og dómarar skulu semja sín á milli um þóknum fyrir dómgæslu o.s.f.v.) og sagði að ályktunum yrði merkt sem þingskjal nr. 20.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um þingskjal nr. 20. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 20 undir atkvæði og var það samþykkt.

Grétar þakkaði fyrir góð störf í nefndinni og lagði að lokum til að þeir Gunnar Þorvarðarson, Gísli Georgsson og Þorgrímur Árnason skipuðu samninganefnd félaganna við dómarafélagið.

Þingforseti gaf orðið laust um þessa tillögu, enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt.

Þingforseti þakkaði formanni fjárhagsnefndar fyrir sín störf og gaf formanni laga og leikreglnanefndar orðið.

Þorgrímur Árnason byrjaði á því að þakka fyrir það traust sem honum hefði verið sýnt með því að vera kosinn í samninganefnd við dómara. Hann þakkaði einnig

Ísfirðingum fyrir góðar móttökur. Hann sagði að nefndin hefði haft átta mál til meðferðar og tók fyrst fyrir þingskjal nr. 3. breytingu á lögum KKÍ vegna sameiningar ÍSÍ og ÓÍ. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 3 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 3. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 3 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þorgrímur tók því næst fyrir þingskjal nr. 4, breytingu á 14. grein laga KKÍ. Hann sagði að líkt og með þingskjal nr. 3 væri verið að samræma reglur við reglur ÍSÍ. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 4 yrði samþykkt óbreytt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 4. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 4 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þorgrímur tók því næst fyrir þingskjal nr. 5. Breytingartillaga við 12. grein reglugerðar við körfuknattleiksmót um lágmarksaldur meistaraflokksmanna. Hann sagði tillöguna fram komna af gefnu tilefni, 11 ára drengur hafi verið skráður sem leikmaður í einum leik í deildinni síðasta vetur. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 5 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 5. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjal nr. 5 undir atkvæði og var það samþykkt.

Þorgrímur tók því næst fyrir þingskjal nr. 6 breytingartillögu við 23. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Hann sagði að nokkur umræða hafið orðið um tillöguna í nefndinni, hún fjalli um að fjölga þeim liðum sem falla og koma upp í úrvalsdeild. Hann sagði að eftir nokkrar umræðu hefði nefndin komist að þeirri niðurstöðu að á þessu stigi væri ekki tímabært að fjölga þessum liðum. Hann sagði jafnframt að seinni hluti tillögunnar sem varðar orðalagsbreytingar á reglugerðinni væri rétt að samþykka.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 6. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þá tillögu nefndarinnar að fyrri hluti þingskjals 6 falli út, undir atkvæði og var það samþykkt.

Þingforseti bar síðan þá tillögu nefndarinnar að síðari hluti þingskjals 6 verði samþykktur, undir atkvæði og var það samþykkt.

Þorgrímur tók því næst fyrir þingskjal nr. 7, breytingartillögu við 24. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Hann sagði að fyrst nefndin legði ekki til að þingskjal nr. 6 yrði samþykkt óbreytt væri ekki tímabært að samþykka þingskjal nr. 7 sem fjallar um færslu liða milli 1. og 2. deilda. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr.. 7 yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 7. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þá tillögu nefndarinnar að þingskjal 7 yrði fellt undir atkvæði og var það samþykkt.

Þorgrímur tók því næst fyrir þingskjal nr. 8, breytingatillögu við 25. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Hann sagði að þetta þingskjal væri í tengslum við þingskjöl nr. 6 og nr. 7 og því legði nefndin til að þingskjal nr. 8 yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 8. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þá tillögu nefndarinnar að þingskjal 8 yrði fellt undir atkvæði og var það samþykkt.

Þorgrímur tók því næst fyrir þingskjal nr. 14 ályktun nefndar um málefni 1. flokks karla. Hann sagði að tölverðar umræður hafi orðið um þingskjalið í nefndinni og eftir talsverðar umræður hafi nefndin ákveðið að bæta 4. lið inn í þingskjalið sem hljóði svo: „Ekki verður greiddur ferðakostnaður vegna dómagæslu í 1. flokki.“ Hann sagði tilvalið að nota 1. flokk sem vettvang fyrir dómarar sem væru að hefja störf en haldi yrði kostnaðinum í lágmarki. Hann sagði að nefndin vildi halda áfram keppni í 1. flokki og sagði að nefndin legði því til að þingskjal nr. 14 yrði samþykkt með ofangreindri breytingu.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 14. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þá tillögu nefndarinnar að þingskjal 14 verði samþykkt með ofangreindri breytingu, þ.e.a.s. að 4. lið verði bætt inn, undir atkvæði og var það samþykkt.

Þorgrímur tók því næst fyrir þingskjal nr. 15 breytingartillögu við 24. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Hann sagði að þetta þingskjal væri skyldt þingskjali nr. 14 sem þingið hefði verið að samþykkja. Hann sagði að nefndin teldi að rétt væri að láta reyna á þær breytingar á 1. flokki karla sem í þingskjali 14 fælust áður en farið væri í þær breytingar á 2. deilda karla sem þingskjal nr. 15 kveður á um. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 15 verði fellt.

Þingforseti sagði að borist hefði óundirrituð breytingartillaga við þingskjal nr. 15 og óskaði eftir því að flutningsmaður tillögunnar talaði fyrir henni. Að því búnu gaf hann orðið laust um þingskjal nr. 15.

Kristinn Vilbergsson tók til mál og sagði að hjá KR skorti vettvang fyrir stjórnarmenn og aðra sjálfboðaliða að leika körfuknattleik. Hann benti á að hafa mætti þann valmögleika að lið með A, B og C lið fengju að senda lið í 2. deildina þannig að þessir leikmenn gætu keppt undir merkjum KR. Hann sagðist leggja til að þingskjal nr. 15 yrði samþykkt.

Þingforseti bar því næst tillögu laga og leikreglnanefndar að þingskjal nr. 15 yrði fellt, undir atkvæði og var það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn fjórum.

Þorgrímur þakkaði að lokum félögum sínum í nefndinni fyrir góð störf sem og öðrum sem þátt tóku í störfum nefndarinnar.

Þingforseti þakkaði nefndinni góð störf, en gaf síðan formanni allsherjarnefndar orðið.

Halldór Halldórsson sagði að fjöldi þingfulltrúa hafi tekið þátt í störfum nefndarinnar, en níu þingskjöl hafi verið til meðferðar. Hann tók fyrst fyrir þingskjal nr. 2. Hann sagði skoðanir á fundi nefndarinnar hafi verið mjög skiptar. Hann kynnti

breytingartillögu þess efnis að mótanefnd væri heimilt að afla þeirra gagna sem hún teldi þurfa til að taka ákvörðun um frestun leikja þ.m.t. heimild til að láta sérstaka lækna skoða veika menn. Hann sagði nefndina leggja til að þingskjal nr. 2 verði samþykkt með ofangreindri breytingu.

Þingforseti sagði að breytingartillaga nefndarinnar yrði merkt sem þingskjal nr. 22. Hann gaf orðið laust.

Róbert úr Grindavík tók til máls og sagði að gert væri ráð fyrir að sækja yrði um frestun leikja með viku fyrirvara. Hann sagðist ekki sjá að slíkt væri hægt nema veikindi væru skipulögð fyrirfram og sagðist leggja til að þessi setning yrði feldt út.

Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KKÍ útskýrði að þessi setning „félag sem óskar eftir því að leik sé frestað skal sækja um það með minnst viku fyrirvara“ þar væri átt við almennt, en þegar óvæntir atburðir svo veikindi eða dauðsföll ættu sér stað væri ekki um þennan viku frest að ræða og félög gætu sótt um frestun.

Þingforseti bar því næst upp tillögu nefndarinnar að samþykkja þingskjal nr. 2 með þeirri breytingu sem kveðið er á um í þingskjali nr. 22 og var það samþykkt samhljóða.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 9. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 9. Engin kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þingskjalið undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 10 og sagði að nefndin legði til tvær breytingartillögur við þingskjalið sem merktar eru þingskjal nr. 23 og þingskjal nr. 24. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 10 yrði samþykkt með þeim breytingum sem vikið er að í þingskjölum 23 og 24.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um þingskjöl 10. 23 og 24.

Halldór Halldórsson útskýrði að í þingskjali 23 væri verið að leggja til að sömu dagsetningar gildi um félagaskipti Íslendinga og leikmanna frá EES-löndum.

Þingforseti bar því næst undir atkvæði þá tillögu allsherjarnefndar að samþykkja þingskjal nr. 10 með með þeim breytingum sem kveðið er á um í þingskjölum 23 og 24 og var það samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 11, reglugerð um leikmannasamninga og sagði nefndarmenn hafi ekki verið sérlega vel í stakk búnir til að fjalla um tillöguna. Hann sagði að reynsla þurfi að komast á þessa leikmannasamninga og síðan sé hægt að sníða að þeim vankantana. Hann sagði að nefndin legði fram breytingartillögu sem merkt væri sem þingskjal nr. 25. Í henni væri niðurlag 3. greinar um sérákvæði fyrir leikmenn sem væru samningsbundnir og orðið (KR) væri fellt út úr 8. grein um almenn ákvæði.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 11 og þingskjal nr. 25. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þá tillögu allsherjarnefndar að samþykkja þingskjal nr. 11 með þeirri breytingu sem fram kemur í þingskjali nr. 25 undir atkvæði og var samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 12 og sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti kynnti fram komna breytingartillögu við þingskjal nr. 12 þess efnis að e. liður 2. greinar samningsins falli út, en honum er fjallað um tryggingamál leikmanna og sagði að tillagan yrði merkt sem þingskjal nr. 26.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 12 og einnig þingskjal nr. 26.

Guðjón Þorsteinsson benti á að KFÍ hefði náð mjög góðum samningi við VÍS og benti félögum á að hafa samband við Guðna Guðnason í því sambandi.

Birgir Mikaelsson sagði að tryggingar væru mikið atríði fyrir leikmenn og í þeim væri öryggi af slys bæri að höndum. Hann sagði að ekki mætti gleyma hagsmunum leikmanna þótt það sparaði félögunum nokkrar krónur.

Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 26 og var það samþykkt. Hann bar því næst upp þingskjal nr. 12 með þeirri breytingu sem kveðið er á um í þingskjali nr. 26 og var það samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 13 og sagði að nefndin legði til breytingartillögu við þingskjalið eftir nokkrar umræður í nefndinni. Hann sagði að tillagan gengi út á að einni feitletraðri setningu yrði bætt inn í 8. grein og hljóðaði hún svo: „Skrifstofa KKÍ skal ítreka við félag að skila skýrslu hafi hún ekki borist 10 dögum eftir að leikur fór fram.“ Hann sagði að breytingartillagan væri merkt sem, þingskjal nr. 27.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um þingskjöl nr. 13 og 27. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því þá tillögu allsherjarnefndar að samþykkja þingskjöl nr. 13 og 27, undir atkvæði og var hún samþykkt.

Halldór tók að lokum fyrir þingskjal nr. 16 „Sókn í kvennakörfuknattleik“ og sagði að nefndin liti svo á að hún ætti aðeins aðeins að taka fyrir aftasta blaðið í þessum pakka b.e.a.s. tillögu til þingsályktunar um málefni kvennakörfuknattleiks á Íslandi. Hann sagði nokkrar umræður hafa orðið í nefndinni um gjald það sem kveðið er á um í tillögunni. Halldór sagði þetta hitt ágætasta mál, en sagðist jafnframt skila þá sem frekar vildu að lagður yrði á flatur skattur. Hann sagði að það hefði orðið niðurstaða nefndarinnar að leggja til að þingskjal nr. 16 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 16.

Svali Björgvinsson sagðist frekar fylgjandi því að flatur skattur yrði lagður á félögin, í stað þess að eingöngu þau félög sem ekki væru með kvennaflokka borguðu. Hann sagði að félög í 1. deild karla hefðu verið hvött áfram og þau væru flest að byggja upp

yngri flokka. Það væri ekki rétt að koma aftan þessum félögum nú og rukka þau fyrir að vera ekki með kvennaflokka án þess að hafa varað þau við því áður að slíkt gæti gerst.

Ólafur Rafnsson formaður KKÍ sagðist bera nokkra ábyrgð þessari tillögu ásamt stjórn sambandsins og sagðist geta verið sammála Svala. Hér væri í raun ekki spurningin um hvað væri rétt eða rangt heldur um tvær mismunandi leiðir að útfærslu á þessu gjaldi. Hann sagði að menn ættu ekki að hugsa þetta sem sekt. Það striði gegn þeirri hugmyndafræði sem að baki þessu þingskjali lægi.

Gunnar Þorvarðarson sagðist sammála Svala. Hann sagði að meistaraflokkur UMFN hafi ekki verið starfandi síðasta vetur, en ákveðið hafi verið að fara af stað með hann á ný næsta vetur. Hann sagðist þeirrar skoðunar að öll félögin ættu að bera jafnan kostnað af þessu verkefni.

Eyjólfur Guðlaugsson spurði hvort rétt væri að þau félög sem væru með meistaraflokk og tvo yngri flokka ættu samt að greiða umrætt gjald samkvæmt tillögu Svala. Þau væru þá þegar búin að greiða þátttokugjöld fyrir þessa flokka.

Bjarni Gunnarsson ÍR sagði að hjá ÍR væri ekki fé aflögu til að greiða niður það að önnur félög gætu komið kvennaflokkum á laggirnar hjá sér.

Svali Björgvinsson sagðist skilja Bjarna í því að ekki væri fé aflögu af kvennastarfí. Hann sagði að væntanlega væri ekki heldur fé aflögu hjá þeim 1. deildarfélögum sem annars ættu að greiða 44.800 kr.

Þingforseti tilkynnti að fram væri komin breytingartillaga við þingskjjal nr. 16 þess efnis að öll félög í úrvalsdeild karla, 1. deild karla og 1. deild kvenna verði skylt að greiða 20.000 kr. gjald til þessa verkefnis. P.e.a.s. „sóknar í kvennakörfuknattleik.“ Þetta þingskjjal yrði merkt nr. 28.

Eyjólfur Guðlaugsson sagði að með þessari tillögu væri verið að verðlauna félög fyrir að vera ekki með kvennaflokka í stað þess að þvinga ætti þau til að vera með þessa flokka. Ódýrara væri að greiða skattinn en að greiða þátttokugjaldið.

Grétar Pálsson sagði að menn vöknudu um leið og farið væri að tala um peninga og menn þyrftu að fara að borga. Hann sagði að málið væri ekki svo einfalt að það að greiða 29.000 kr. þátttokugjald yrði til þess að meistaraflokkur kvenna yrði til hjá Snæfelli. Þessi flokkur væri ekki til vegna þess að leikmennina vantaði. Snæfell væri að byggja upp yngri flokka til að geta verið með mfl. kvenna í framtíðinni. Hann sagði að Snæfell væri tilbúið til að greiða 10.000-20.000 kr. til að efla kvennaboltann á landsvísu, en ef Snæfell ætti að greiða 29.000 kr. þátttokugjald fyrir mfl. sem ekki er til væri ekkert annað en refsing eða sekt. Hann sagði þau félög sem greiddu þátttokugjöld fyrir þessa flokka í dag greiða þá í allt annað sjóð en hér væri verið að tala um. Hann sagðist því fylgjandi nefskatti í þessu máli.

Þingforseti bar því næst fyrir breytingartillögu Svala Björgvinssonar, þingskjjal nr. 28, að félög greiði 20.000 kr. gjald til sóknar í kvennakörfuknattleik, undir atkvæði og var hún samþykkt 16 atkvæðum gegn 12.

Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 16 með þeirri breytingu sem kveðið er á um í þingskjali 28 og var það samþykkt.

Halldór Halldórsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 17 og sagði að nefndi legði til að það yrði samþykkt án breytinga.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 17. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti það því undir atkvæði og var það samþykkt samhljóða.

Halldór Halldórsson tók því næst fyrir þingskjal nr. 19 og sagði að nefndin legði fram þingsályktunartillögu sem viðhengi við þingskjal nr. 19. Það hljóði svo: „Ársþing KKÍ haldið á Ísafirði dagana 9.-10. maí 1998 telur að halda skuli áfram matskerfi dómara eins og kveðið er á um í reglugerð fyrir dómaranefnd.“

Þingið telur að slíkt kerfi sé nauðsynlegt til þess að mat fáiist á störf dómara og ennfremur að niðurstöður matsins séu birtar, eins og kveðið er á um í reglugerðinni. Þær upplýsingar sem liggja fyrir þinginu varðandi niðurstöður frá síðastliðnu keppnistímabili eru ófullnægjandi.

Þingið skorar á stjórn KKÍ að tryggja að matskerfið, eins og því er lýst í reglugerðinni, verði komið á og niðurstöður birtar.“

Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KKÍ sagði að það væri sinn skilningur að með ályktun allsherjarnefndar ætti stjórn KKÍ að viðhalda matskerfi dómara með þeim ráðum sem henni væru fær, eigin fjárlöfun eða skatt á félögin.

Halldór Halldórsson sagði að nefndin hefði ekki verið sérlega hrifin af því að fá „Niðurstöður úr matskerfi dómara sem sérstakt þingmál til afgreiðslu, en hann sagði að niðurstaða nefndarinnar hafi verið sú að halda áfram með matskerfið í eitt ár til viðbótar, en á því yrðu gerðar nauðsynlegar úrbætur til að út úr því fengjust niðurstöður sem hægt væri að vinna með. Það væri höfuðverkur stjórnarinnar eins og á síðasta ári hvernig fjármagna ætti þetta kerfi. Stjórnin yrði þá bara að senda út reikning til félaganna.“

Þingforseti bar því næst undir atkvæði ályktun allsherjarnefndar, viðhengi við þingskjal nr. 19, og var það samþykkt.

Halldór Halldórsson þakkaði að lokum þeim sem þátt tóku í störfum nefndarinnar og Ísfirðingum fyrir gestrisnina.

10. ÖNNUR MÁL

Þingforseti gaf orðið laust um önnur mál.

Guðjón Þorsteinsson gerðu ársskýrslu KKÍ að umræðuefni. Hann mótmælti því harðlega að merki KFÍ væri ekki að finna á forsiðu skýrslunnar. Varðandi hringferð um landið sem sögð er hafa tekist þokkalega sagði Guðjón að réttara væri að segja að hún hafi tekist sæmilega. Hann sagði að hægt væri að gera betur eins og þegar fyrsta hringferðin með tjaldið var farin um landið, hún hafi í það minnsta tekist vel á Ísafirði þar sem 3.000 manns hafi mætt. Guðjón minntist á samning KKÍ við Flugleiði og spurði hvort KKÍ væri með samning við Flugfélag Íslands eða Íslandsflug. Hann minntist á lokahóf KKÍ, sem hann nefndi „Drag '98“ og sagði að

verðlaunaafhendingin hefði verið frábær en skemmtiatriðin leiðinleg og löng. Hann sagði atriðin með karlmönnum hoppandi um sviðið í kjólum hefðu verið of löng. Hann skoraði á stjórn KKÍ að senda bréf til félaganna og auglýsa eftir hugmyndum að skemmtiatriðum á lokahófi, hægt væri að gera betra hóf fyrir minna fé en greitt var á Broadway. Hann minntist því næst á haustfund dómara í London og sagði að sumir hefðu ekki náð skriflegu prófi eða þrekþrófi. Hann sagði að taka þyrfti þann hluta inn í matskerfi dómara. Hann taldi suma dómara í það slæmu líklegu formi að þær gætu ekki hlaupið með leiknum. Hann skoraði á stjórn KKÍ að leita til Guðna Guðnasonar um ráðgjöf í tryggingamálum leikmanna, sem nýst gæti félögunum. Að lokum sagði hann að helgin hefði skemmtileg og fólk hefði staðið vel saman og fáir hefðu verið í fýlu.

Eyjólfur Guðlaugsson tók undir orð Ólafs Rafnssonar formanns KKÍ að ræða málið á jákvæðum nótum og leysa mál innan hreyfingarinnar. Hann minntist á þá menn sem fengnir eru til að aðstoða við lýsingar á Stöð 2 frá körfuboltaleikjum og spurði hvort þeir væru valdir af stjórn KKÍ eða fréttamönnum. Hann sagði að stjórn KKÍ ætti að setja þá stefnu að þessir menn væru ekki að gera grín að störfum sambandsins eða nefndum þess. Hann sagði að það hafi stungið sig í útsendingum frá úrslitaleikjum DHL-deildarinnar að sá leikmaður sem lýsti leiknum með íþróttatímamanni Stöðvar 2 hefði gert lítið úr störfum unglingsnefndar sambandsins. Það ætti að benda þessum mönnum á að tala á jákvæðan hátt um störf sambandsins.

Pétur Hrafn Sigurðsson svaraði fyrirspurnum Guðjón Þorsteinssonar og sagði að ekki væri til sérstakur samningur milli KKÍ og Flugfélags Íslands eða Íslandsflugs. Hins vegar væru dómarar með samning við Flugfélag Íslands og bæru auglýsingu frá þeim á búningum sínum. KKÍ væri einungis með samning við Flugleiði. Varðandi flug innanlands sagði Pétur að þá væri notaðu samningur ÍSÍ við Flugfélag Íslands. Hann sagði að dómarar tækju þrekpróf þrisvar á ári og þeir verði að ná því prófi til að fá að dæma áfram í efstu deild. Hann sagði dæmi um það að menn hafi ekki náð prófinu og þeir hafi þá ekki fengið að halda áfram að dæma í efstu deild fyrr en þeir hafi náð prófinu. Hann sagði dómaramál í í nokkuð góðu lagi. Hann sagði lýsendur á Stöð 2 ekki valda af KKÍ, en hins vegar hafi formaður KKÍ verið til aðstoðar hjá RÚV við útsendinga frá leik KR og Keflavíkur í 1. deild kvenna.

11. KOSNING FORMANNS

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að stjórn KKÍ hafi falið ákveðnum manni að fara með kjörmál á þinginu, en hann hafi lent í því að vera sendur til Rio í Brasilíu og því misst af miklu. Pétur sagði að sér hefði verið falið að annast þessi mál í staðinn. Hann sagði að aðeins ein uppástunga hafði komið fram í embætti formanns KKÍ, það væri nafn sitjandi formanns Ólafs Rafnssonar. Ólafur var endurkjörinn með lófaklappi.

12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG ÞRIGGJA MANNA Í VARASTJÓRN TIL EINS ÁRS.

Pétur sagði að tillaga hafi komið fram í aðalstjórn um Magnús Svavarsson, Ólaf Jóhannsson og Guðjón Þorsteinsson og í varastjórn Þórð Kolbeinsson, Guðríði Ólafsdóttur og Jóhannes Karl Sveinsson. Pétur óskaði eftir öðrum tillögum. Þær komu ekki og voru þau kjörin með lófaklappi.

13. KOSNING EINS MANNS Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL OG EINS TIL VARA. BÁÐA TIL ÞRIGGJA ÁRA.

Pétur sagði fram komna uppástungu um Gísla Gíslason sem aðalmann og Árna Guðmundsson sem varamann og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND OG TVEGGJA TIL VARA

Pétur sagði að stungið væri uppá Ágústi Jóhannessyni og Hrafni G. Johnsen sem aðalmenn og Hauki Hannessyni og Ingimar Ingasyni til vara og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

15. KOSNING ÞRIÐJA AÐILA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG ÞRIGGJA TIL VARA

Pétur sagði að stungið væri uppá þeim Bjarna Steinarssyni, Halldóri Halldórssyni og Elínborgu Guðnadóttur og til vara þeim Kristni Jörundssyni, Hilmari Magnússyni og Ragnari Sigurðssyni og voru þau kjörin með lófaklappi.

16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA

Pétur sagði að stungið væri uppá þeim Guðrúnu Ólafsdóttur og Ottó Hafliðasyni og voru þau kjörin með lófaklappi.

17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍÞRÓTTAÞING

Þingforseti sagði að ekki þyrfti að kjósa fulltrúa á íþróttatíðning á þessu ári.

18. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR

Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til þingforseta og þingritara og var það samþykkt.

19. ÞINGSLIT

Þingforseti þakkaði þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing og sagði að það hefði verið vel undurbúið og vel unnið í nefndum þingsins og það bæri vitni um öflugt starf í hreyfingunni. Hann sagðist ekki hafa haft mikinn áhuga á körfubolta fyrir nokkrum árum, en sonur hans hafi leikið en hann hafi sjálfur lítið fylgst með. Hann hafi síðan á síðustu árum þegar Ísfirðingar fóru að standa sig betur, farið að fylgjast með og reynt að setja sig inn í reglurnar og farið á flesta leiki, þ.á.m. í Njarðvík og Keflavík. Hann sagðist vera orðinn ánetjaður því að fara á körfuboltaleiki og sagði að sér finndist körfuknattleikurinn á Íslandi hafa verið á uppleið á síðustu tveimur árum. Deildin í vetrar hafi verið frábær og landsliðið hafi staðið sig mjög vel. Að lokum þakkaði hann fyrir sig og ósakaði þingfulltrúum góðrar heimferðar.

Ólafur Rafnsson þakkaði það traust sem honum var sýnt og málefnalegt og jákvætt þing. Hann sagði að hann og aðrir í stjórn KKÍ hlytu að telja að þeir væru að gera rétt. Þeir hefðu reynt að nýta þinghelgina til að spjalla við menn til að heyra hvað þeim finndist stjórnin vera að gera rangt og einnig hvað væri gert rétt að mati þingfulltrúua.

Hann sagði að mikil jákvæðni hafi verið ríkjandi á þinginu og þar með hafi skilvirknin verið mikil. Hann sagði þakka mætti skilvirkri vinnu þingnefnda hve þingstörf hefðu gegnið vel fyrir og þingstörfum væri að ljúka fyrir hádegi á sunnudegi. Hann þakkaði þeim aðilum sem störfuðu í og stýrdu nefndunum fyrir frábær störf. Hann bauð nýja stjórnarmenn í stjórn KKÍ velkomna og sagði að sér hlakkaði til að starfa með þeim á nýju starfsári. Því næst bað hann Óla M. Lúðvíksson þingforseta að standa upp og bað þingheim að klappa fyrir honum, hann ætti það skilið fyrir góða stjórn á þinginu. Því næst þakkaði hann Ísfirðingum fyrir gott þing, frábæra gestrisna og skemmtilega helgi. Hann óskaði að lokum þingfulltrúum góðrar heimferðar og að því búnu sagði hann þinginu slitið.

Oli M. Lúðvíksson
Óli M. Lúðvíksson
þingforseti

Pétur Hrafn Sigurðsson
Pétur Hrafn Sigurðsson
þingritari

PINGSKJAL NR. 1

FJÁRHAGSÁÆTLUN KKÍ 1998

TEKJUR

Framlög og styrkir	9.000.000
Tekjur af leikjum	7.000.000
Auglýsingatekjur	8.000.000
Lanslið	6.500.000
Fræðslu og útbreiðslustarfsemi	800.000
Aðrar tekjur	3.500.000
Vaxtatekjur	800.000
Samtals	35.600.000

GJÖLD

Yfirstjórn	9.800.000
Þjálfun og kennsla	2.500.000
Íþróttaleg viðskipti	14.900.000
Kynning, fræðsla, útbreiðslustarfsemi	800.000
Rekstur mannvirkja	600.000
Önnur gjöld	3.900.000
Afskriftir	350.000
Vaxtagjöld	650.000
Samtals	35.500.000

SAMPYKKT

ÞINGSKJAL NR. 2

Breyting á 14. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

Mótanefnd KKÍ er heimilt að taka ákvörðun um frestun leiks vegna óveðurs, sjúkdómsfaraldurs eða af öðrum gildum ástæðum.

Sé kappleik frestað eftir ákvörðun dómara, vegna veðurs eða annarra orsaka, skal hann fara fram næsta dag sem fært þykir.

Félag, sem óskar eftir að fá keppni frestað, skal sækja um það með minnst viku fyrirvara.

Óski félag eftir að fá keppni frestað vegna sjúkdómsfaraldurs, skal það leggja fram læknisvottorð til mótanefndar. Mótanefnd hefur heimild til að láta trúnaðarlækni sinn skoða leikmenn áður en hún tekur ákvörðun um frestun. Kostnað vegna starfa trúnaðarlæknis og ferðalaga ber félagið sem sækir um frestun.

Þurfi að endurtaka leik, eða hafi leik verið frestað, hafa þeir einir rétt til þátttöku, sem til þess höfðu rétt fyrir upphaflega leikinn.

Greinargerð.

Hér er verið að veita mótanefnd vald til að fá eigin trúnaðarlækni til að meta hvort leikmenn eru í leikhæfu ástandi eða ekki.

Stjórn KKÍ

**Samþykkt með breytingum
(sjá þingskjali nr. 22)**

ÞINGSKJAL NR. 3

Breytingar á lögum KKÍ vegna sameiningar ÍSÍ og Ólympíunefndar.

1. grein

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) er æðsi aðili um öll körfuknattleiksmál innan végbanda Íþróttá og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ). Aðsetur sambandsins skal vera í Reykjavík.

Hér er bætt inn í Ólympíusambands.

Stjórn KKÍ

5. grein

... Þá skal stjónr KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt árskýrslu stjórnar í síðasta lagi ~~10 dagum~~ 2 vikum fyrir þing.

Hafa verður í huga að oftar en ekki er óframkvæmanlegt að hafa árskýrslu tilbúna 2 vikum fyrir þing þar sem ekki er búið að leika alla leiki í mótmum á vegum KKÍ 2 vikum fyrir þing og þar af leiðandi ekki búið að ganga frá henni hvað þá að prenta hana. Það ætti hins vegar að vera hægt að senda út drög að skýrslu stjórnar, reikninga og skýrslur nefnda til félaganna tveim vikum fyrir þing.

Stjórn KKÍ

6. grein

Út falli g) liður Formaður Ólympíunefndar Íslands.

h) liður verður g) liður, j) liður verður h) liður osfrv.

Ólympíunefnd Íslands er ekki til lengur og því ekki til sérstakur formaður hennar.

Stjórn KKÍ

SAMPYKKT

PINGSKJAL NR. 4

Tillaga til breytingar á 14. grein laga KKÍ

14. grein

Kæra eða áfrýjun skal vera skrifleg og skal kæran eða áfrýjunin, eða tilkynning um hana hafa borist dómstól innan 72 klst. tveggja sólarhringa frá því að hið kærða atvik átti sér stað. Skulu laugardagar og sunnudagar undanskildir. Sé kæran póstlögð skal það tilkynnt sérstaklega með staðfestu símskeyti. Dómfesta skal mál innan 7 daga frá því að kæra berst dómstól. Þá skal liggja fyrir rökstuðningur kæru, að öðrum kosti telst kæra ógild. Vísi dómstóll kæru frá vegna formgalla skal kærandi eiga þess kost að kæra að nýju innan tveggja sólarhringa frá því að honum er birtur úrskurðurinn. Úrskurðir og dómar dómstóls KKÍ skulu ~~birtir í staðfestu símskeyti og ábyrðgarbréfi.~~ birtir viðkomandi aðilum á sannanlegan hátt.

Stjórn KKÍ

Greinargerð:

Hér er verið að færa kærufrest og áfrýjunarfrest til dómstóls KKÍ til samræmis við 20. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót en þar er kærufrestur 72 klst. Enn fremur er oftar en ekki munnlegur málflutningur við dómstól KKÍ og þegar úrskurður liggur fyrir eru forsvarsmenn félaganna sem aðild eiga að málinu látnir kvitta í dómabókina fyrir að hafa fengið úrskurðinn. Hægt er að senda hann svo á faxi til viðkomandi aðila.

SAMÞYKKT

ÞINGSKJAL NR. 5

Breytingartillaga við 12. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

12. grein

Leikmaður má aldrei leika með yngri aldursflokki en honum ber. Öllum leikmönnum yngri aldursflokks er þó heimilt að leika hverju sinni með með öllum aldursflokkum fyrir ofan sinn eigin.

Leikmenn meistaraflokkka (karla og kvenna) skulu þó vera gengnir upp úr 8. flokki.

Skáletraða setningin er við bót við reglugerðina. Viðurlaga við brotum er getið í 18. grein b) lið.

Greinargerð

Í vetur gerðist það að 11 ára gamall drengur var á leikskýrslu í leik í DHL-deildinni. Slikt er að sjálfsögðu fullkomlega óeðlilegt. Mjög ungar stúlkur hafa einnig verið að leika í 1. deild kvenna undanfarin ár með liðum í neðri hluta deildarinnar og mátt þola misstóra ósигra. Einhversstaðar verður að setja hömlur gegn þessu. Í knattspyrnu og handknattleik eru reglur um lágmarksaldur meistaraflokksmanna. KKÍ þarf að taka á þessu mál og finna skynsamlega lausn.

Stjórn KKÍ

SAMÞYKKT

ÞINGSKJAL NR. 6

Breytingartillaga við 23. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Íslandsmót og Bikarkeppni

23. grein

ÚRVALSDEILD

Keppni í úrvalsdeild fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júlí.

a) Deildarkeppni

Úrvalsdeild skal skipuð 12 liðum sem leika tvöfalda umferð innbyrðis.....

~~Liðið í neðsta sæti að lokinni keppninni fellur í 1. deild og leikur þar næstu leiktið.~~

Tvö neðstu lið úrvalsdeilda að lokinni deilarkeppni falla í 1. deild og leika þar næstu leiktið.

Yfirstrikaða setningin falli út og skáletraða setningin komi í staðinn. Annað verði óbreytt.

Greinargerð: Bilið milli úrvalsdeilda og 1. deilda karla hefur minnkað mjög á síðustu árum. Sl. veturnar var lítið bil á milli neðstu liða úrvalsdeilda og efstu liða 1. deilda. Í 12 liða deild er mjög lítið að aðeins eitt lið færst á milli deilda. Í handknattleik og knattspyrnu færast tvö lið á milli deilda, þó er efsta deilin í knattspyrnu aðeins skipuð tíu liðum. Tólf lið hafa nú verið í úrvalsdeildinni í fjögur ár og ekki útlit fyrir að fjölgæð verði í deildinni á næstu árum. Svo ekki verði stöðnun í uppbyggingu deildarinnar er nú kominn tími til að stíga þetta skref.

Undanúrslit:

Viðureign nr. 5 og 6.

Liðum skal raða aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppninni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það lið sem var neðst. Hín tvö liðin leika saman.

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit:

Viðureign nr. 7: Sigurvegari úr viðureign nr. 5 - sigurvegari úr viðureign 6.

Úrslitaviðureignin

Gestalið í úrslitakeppni

~~Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notuð: O.s.f.v.....~~

Yfirstrikaði hlutinn falli út. Skáletraði hlutinn komi í staðinn. Annað verði óbreytt.

Greinargerð: Gleymst hefur að númera viðureignirnar í undanúrslitum og því var framhaldið (úrslitin) illskiljanlegt. Þar sem ekki er lengur leikið í riðlum er óþarfí að hafa reglur um riðlaskiptingu í reglugerðinni.

Björn Leósson
F.h. UMSK

(Sjá þingskjal nr 6 a)
Samþykkt með breytingum

PINGSKJAL NR. 6 a

Breytingartillaga við þingskjjal nr. 6

23. grein

ÚRVALSDEILD

Keppni í úrvalsdeild fer fram í tveimur hlutum; deildarkeppni og úrslitakeppni. Fyrstu drög að leikjaniðurröðun skulu liggja fyrir eigi síðar en í lok júlí.

.....
Undanúrslit:

Viðureign nr. 5 og 6.

Liðum skal raða aftur í samræmi við lokaniðurstöðu í deildarkeppninni og skal það lið sem var efst þeirra liða sem eftir eru leika við það lið sem var neðst. Hin tvö liðin leika saman.

Hver viðureign stendur yfir þar til annað liðið hefur sigrað í þremur leikjum.

Úrslit:

Viðureign nr. 7: Sigurvegari úr viðureign nr. 5 - sigurvegari úr viðureign 6.

Úrslitaviðureignin

Gestalið í úrslitakeppni

~~Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notað: O.s.f.v.....~~

Yfirstrikaði hlutinn falli út. Skáletraði hlutinn komi í staðinn. Annað verði óbreytt.
Greinargerð: Gleymst hefur að númera viðureignirnar í undanúrslitum og því var framhaldið (úrslitin) illskiljanlegt. Þar sem ekki er lengur leikið í riðlum er óþarfí að hafa reglur um riðlaskiptingu í reglugerðinni.

Laga og leikreglnanefnd

SAMÞYKKT

PINGSKJAL NR. 7

Breytingartillaga við 24. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Íslandsmót og bikarkeppni.

1. DEILD KARLA

1. deild karla skal skipuð 10 liðum. Leikað skal tvöfalda umferð heima og heiman. Neðsta lið 1. deildar fellur í 2. deild og leikur þar næsta keppnistímabil.

Tvö neðstu lið 1. deildar að lokinni deilarkeppni falla í 2. deild og leika þar næstu leiktið.

Að lokinni deildarkeppninni í 1. deild, hefst úrslitakeppni með þáttöku fjögurra efstu liða í deildinni. Efsta liðið leikur gegn liði númer fjögur og næst efsta liðið leikur gegn liði númer þrjú. Þau lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika til úrslita. Það lið sem þá sigrar fyrr í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í 1. deild og færst upp í efstu deild ásamt liðinu sem beið lægri hlut.

Yfirstrikaða setningin falli út og skáletraði textinn komi í staðinn. Annað verði óbreytt.

Greinargerð:

Bilið milli úrvalsdeilda og 1. deilda karla hefur minnkað mjög á síðustu árum. Einnig hefur bilið milli neðstu liða 1. deilda og efstu liða 2. deilda minnkað. Meðan ekki verður um frekari fjölgun liða í 1. deild karla að ræða, er rétt að færa tvö lið milli 1. deilda og 2. deilda til samræmis við færslu liða milli úrvalsdeilda og 1. deilda.

F.h. UMSK
Björn Leósson

FELLT

PINGSKJAL NR. 8

Breytingartillaga við 25. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Íslandsmót og bikarkeppni.

II. DEILD KARLA

II. deild karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild og I. deild. Reynt skal að svæðisskipta deildinni.....

Það félag sem sigrar í II. deild karla hlýtur sæmdarheitið „Íslandsmeistari“. Sigurvegari II. deildar flyst upp í 1. deild næsta leiktímabil ásamt því liði sem varð í öðru sæti.

Skáletraða hluti síðustu setningarinnar bætist við. Annað verði óbreytt.

Greinargerð

Bilið milli úrvalsdeildar og 1. deildar karla hefur minnkað mjög á síðustu árum. Einnig hefur bilið milli neðstu liða 1. deildar og efstu liða 2. deildar minnkað. Meðan ekki verður um frekari fjölgun liða í 1. deild karla að ræða, er rétt að færa tvö lið milli 1. deildar og 2. deildar til samræmis við færslu liða milli úrvalsdeildar og 1. deildar.

F.h. UMSK

Björn Leósson

FELLT

PÍNGSKJAL NR. 9

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á REGLUGERÐ KKÍ UM FÉLAGASKIPTI

1. gr.

c) liður hljóði svo:

Um félagaskipti íslensks leikmanns til félags í ríki innan FIBA gilda reglur FIBA. Leikmanni er ekki heimil keppni fyrr en KKÍ hefur gefið út leyfi (letter of clearence) samkvæmt reglum FIBA.

Um félagaskipti íslensks leikmanns sem leikið hefur með félagi í öðru ríki innan FIBA gilda reglur FIBA. Ákvæði d. liðar 2. gr. reglugerðarinnar eiga ekki við um slík félagaskipti á meðan keppnistímabili stendur. Sömu reglur gilda um ríkisborgara í löndum sem aðilar eru að hinu evrópska efnahagssvæði.

Um breytinguna:

Fyrri málsgrein c liðar er efnislega óbreytt en orðalagi er þar lítillega vikið við. Síðari málsgreinin er nýmæli. Ekki var fyllilega skýrt í reglugerðinni hvaða reglur giltu um „heimkomu” íslenskra leikmanna, sem leika með liðum innan FIBA. Það á sér sínar eðlilegu skýringar en með aukinni hreyfingu á leikmönnum á milli landa er nauðsynlegt að taka á þessu álitaefni. Hér er gerð sú tillaga að íslenskir leikmenn njóti sama réttar og aðrir leikmenn sem skipta um félög innan FIBA enda verður ekki séð að nein ástæða sé til að gera neinn mun á milli manna á grundvelli þjóðernis. Eins og reglur FIBA eru nú (í apríl 1998) væru félagaskipti frá ríki innan FIBA heimil til 28. febrúar ár hvert. Þá þykir rétt að taka hér fram að reglurnar gilda um alla EES borgara.

2. gr.

c) liður hljóði svo:

Félagskiptum skal synjað ef í gildi er leikmannasamningur sem skráður hefur verið hjá félagaskiptanefnd í samræmi við b) lið 3. greinar. Frá þessu skal vikið ef félag leikmannsins samþykkir félagaskiptin. Gilda þá almennar reglur þessarar greinar um heimildir til félagaskipta innan og utan keppnistímabils.

Um breytinguna:

Ekki eru um mikla efnisbreytingu að ræða á ákvæðum um leikmannasamninga. Reynt er að einfalda regluna en samkvæmt eldri texta mátti jafnvel ætla að leikmaður sem gert hafði leikmannasamning gæti alls ekki fengið félagaskipti utan keppnistímabils, nema þá e.t.v. að vera formlega leystur undan leikmannasamningi og framvísaði sönnun þar að lútandi. Hér er farin sú leið að einfalda ferlið þannig að ef hans gamla lið samþykkir félagaskipti, heimilar KKÍ félagaskiptin án þess að blanda sér í efni og lok leikmannasamningsins. Þá er það sérstaklega áréttuð að almennar reglur gildi að öðru leyti um félagaskipti þeirra sem fá samþykki félags síns fyrir félagaskiptum, þrátt fyrir tilvist leikmannasamnings.

3. gr.

b liður hljóði svo:

Félagaskiptanefnd annast skráningu leikmannasamninga hjá félögum. Skal félag, eigi síðar en 1. mánuði eftir stofnun samnings, senda félagaskiptanefnd yfirlýsingum um slíka samninga með upplýsingum um það hversu lengi viðkomandi leikmaður er bundinn félagini. Tilkynningin skal vera undirrituð af viðkomandi félagi og leikmanni, eða forsvarsmanni hans ef leikmaður er yngri en fullra 18 ára. Óskráðir leikmannasamningar, eða samningar sem skráðir eru síðar en 1 mánuði eftir undirskrift, hafa ekki þýðingu við ákvörðun KKÍ eða félagaskiptanefndar um félagaskipti.

Um breytinguna:

Verulegur misbrestur hefur verið á því að félög skrái leikmannasamninga sína. Hér er lagt til að settur verði 1. mánaðar frestur til að skila inn yfirlýsingum um samninga sem gerðir hafa verið. Þessi regla herðir á því að samningum verði skilað inn og tekur einnig af allan vafa um það að ef samningur er ekki skráður strax dugar ekki að skrá hann fyrst eftir að leikmaður hefur óskað eftir félagaskiptum. Þá þykir eðlilegt að setja þá reglu að samningar sem unglingar yngri en 18 ára séu ekki gildir nema forsvarsmenn þeirra samþykki slíka gerninga. Er það í samræmi við almennar reglur um skuldbindingargildi samninga og fjárræði.

F.h. ÍBR og milliþinganefndar sem falið var að skoða félagaskiptareglur KKÍ

Jóhannes Karl Sveinsson

SAMÞYKKT

PINGSKJAL NR. 10

TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á REGLUGERÐ FYRIR ERLENDA LEIKMENN

1. gr. hljóði svo:

Reglur þær sem hér fara á eftir gilda um leikmenn sem koma frá löndum utan evrópska efnahagssvæðisins. Þeir leikmenn sem koma frá löndum innan evrópska efnahagssvæðisins (EES borgarar) og hafa heimild til að spila hér á landi skv. reglum FIBA, skulu undirgangast sömu reglur og gilda um íslenska leikmenn. Félagaskipti EES borgara á milli íslenskra félaga lúta reglum d liðar 2. greinar reglugerðar KKÍ um félagaskipti. Ef um er að ræða félagaskipti EES borgara úr félagi utan Íslands, en þó innan FIBA, gilda reglur FIBA sbr. c lið 1. greinar reglugerðar KKÍ um félagaskipti.

Um breytinguna:

Í samræmi við þá breytingu sem lögð er til á c lið 1. greinar er hér tekið á því álitamáli sem félagaskiptanefnd hefur þurft að glíma við, þ.e. hvort félagaskipti EES borgara eigi alfarið að lúta reglum um íslenska leikmenn eða hvort fara þurfi eftir reglum FIBA og meginreglum EES samningsins um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis innan svæðisins.

I þeirri breytingu sem hér er lögð til, er í raun verið að staðfesta túlkun félagaskiptanefndar, þ.e. að ekki sé stætt á öðru en að EES borgurum sé heimil félagaskipti úr erlendum félögum samkvæmt reglum FIBA (til 28. febrúar). Staða íslenskra leikmanna sem leika erlendis er gerð sú sama með breytingu sem lögð er til á c lið 1. greinar reglugerðar um félagaskipti.

Til að gæta samræmis þykir rétt að EES borgarar séu þó ekki betur settir en íslenskir leikmenn ef skipt er um félag á Íslandi.

F.h. ÍBR
Jóhannes Karl Sveinsson

Samþykkt með breytingum
(sjá þingskjöl nr. 23 og 24)

PINGSKJAL NR. 11

Reglugerð um leikmannasamninga.

Ákvæði um félagaskipti samningsbundinna leikmanna.

I. Félagaskipti innanlands.

Leikmaður, sem er samningsbundinn við félag, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta eftirfarandi ákvæðum.

1. Félagaskiptum leikmanna, sem verið hafa á samningi, til, frá eða milli samningsfélaga fylgja greiðslur milli félaga. Slíkar greiðslur skulu ákvarðast af eftirfarandi reglum.
2. Grunngjaldið A er 50.000,- kr. Allar greiðslur milli félaga vegna félagaskipta reiknast sem margfeldi af grunngjaldi samkvæmt eftirfarandi reglum.
Félagaskiptagjald getur aldrei orðið hærra en tífalt grunngjald sbr. grein 3 og 5. Grunngjaldið skal endurskoðað ár hvert og skal taka mið af verðlagsbreytingum milli ára og gengur nýja grunngjaldið í gildi 1. júní ár hvert
3. Ef leikmaður, sem hefur verið samningsbundinn, gerir samning við nýtt félag skal það greiða samningsfélagi gjald fyrir. Gjaldið skal vera grunngjaldið A, sbr. grein 2, margfaldað með afreksstuðlinum B, sbr. grein 5, 6 og 7.
4. Leikmaður, sem hefur verið á samningi, getur ekki í eitt ár eftir að samningur hans rennur út, skipt um félag og leikið án samnings í úrvvalsdeild eða 1. deild, nema áður sé greitt gjald samkvæmt 3. grein til samningsfélagsins.
5. Afreksstuðullinn B er í 5 þrepum. Fyrir íslenska ríkisborgara skilgreinist hann á eftirfarandi hátt:

Stuðullinn er 10 fyrir leikmann sem er

29 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls,
eða a.m.k. 30 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.

25 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða a.m.k. 15 landsleiki alls.

22 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða a.m.k. 10 landsleiki alls.

Stuðullinn er 7 fyrir leikmann sem nær ekki 10 en er

30 ára og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls
eða a.m.k. 30 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.

29 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 12 landsleiki alls

eða a.m.k. 20 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.

25 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 3 ár;
eða a.m.k. 8 landsleiki alls.

22 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 2 ár;
eða a.m.k. 4 landsleiki alls;
eða hefur leikið a.m.k. 5 unglingslandsleiki Íslands alls.

Stuðullinn er 5 fyrir leikmann sem nær ekki 7 en er

31 árs og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls
eða a.m.k. 30 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.

30 ára og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 12 landsleiki alls
eða a.m.k. 20 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.

29 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og a.m.k.
75 leiki í Úrvvalsdeild,
eða a.m.k. 4 landsleiki alls og a.m.k. 75 leiki í Úrvvalsdeild
eða a.m.k. 10 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður..

25 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 3 af landsleikjum Íslands alls;
eða a.m.k. 5 unglingslandsleiki Íslands alls og a.m.k. 40 leiki í
Úrvvalsdeild.

22 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. 3 af unglingslandsleikjum Íslands alls og a.m.k. 25 leiki
í Úrvvalsdeild.

Stuðullinn er 3 fyrir leikmann sem nær ekki 5 en er

32 ára og hefur leikið

a.m.k. helming af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 20 landsleiki alls
eða a.m.k. 30 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður..

31 árs og hefur leikið

a.m.k. fjórðung af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár;
eða a.m.k. 12 landsleiki alls
eða a.m.k. 20 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.

30 ára og hefur leikið

a.m.k. 2 af A-landsleikjum Íslands undangengin 4 ár og 100
leiki í
Úrvvalsdeild;
eða a.m.k. 4 landsleiki alls og a.m.k. 100 leiki í Úrvvalsdeild
eða a.m.k. 10 leiki í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.

29 ára eða yngri og hefur leikið

a.m.k. 100 leiki í Úrvvalsdeild;
eða a.m.k. 50 leiki í Úrvvalsdeild, og 75 leiki í 1. eða 2. deild

- eða í Úrvvalsdeild sem erlendur leikmaður.
- 25 ára eða yngri og hefur leikið
- a.m.k. 50 leiki í Úrvvalsdeild
 - eða a.m.k. 25 leiki í Úrvvalsdeild og 50 leiki í 1. eða 2. deild.
- 22 ára eða yngri og hefur leikið
- a.m.k. 1 af A-landsleikjum eða unglingslandsleikjum Íslands,
 - eða a.m.k. 25 leiki í Úrvvalsdeild, og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands;
 - eða a.m.k. 50 leiki í Úrvvals- eða 1. deild og a.m.k. 3 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands.
- 19 ára eða yngri og hefur leikið
- a.m.k. 10 leiki í Úrvvalsdeild og a.m.k. 10 leiki alls með einhverju af landsliðum Íslands;

Stuðullinn er 1 fyrir leikmann sem nær ekki 3.

Með Úrvvalsdeildarleikjum teljast leikir í aðalkeppni bikarkeppninnar og leikir í Evrópukeppnum félagsliða og öðrum opinberum alþóðlegum mótmum.
Stuðullinn uppreiknast eftir lok keppnistímabils og miðast aldur þá við 1. maí ár hvert. Stuðullinn telst síðan óbreyttur til loka næsta keppnistímabils.

6. Gildi afreksstuðulsins B fyrir leikmann, sem er ekki íslenskur ríkisborgari skal ákværðað af félagi og leikmanni í samráði við félagaskiptanefnd KKÍ. Meta skal körfuknattleikslega getu leikmannsins miðað við íslenska leikmenn.
7. Leikmanni, sem hefur átt við meiriháttar meiðsli eða veikindi að stríða svo að hann hefur ekki getað körfuknattleik í langan tíma, og telur með hlíðsjón af því að afreksstuðull sinn sé of hár og hindri fyrirhuguð félagaskipti sín, skal heimilt að áfrýja niðurstöðunni til lækkunar til félagaskiptanefndar KKÍ, sem metur hvort sanngarnt sé að lækka stuðulinn.
8. Félag skal standa skil á félagaskiptagjöldum innan tveggja mánaða eftir að slík krafa myndast á það. Skal miðað við dagsetningu þegar félagaskipti eru skráð hjá KKÍ. Félag, sem verður uppvist af því að brjóta þessar reglur til að komast hjá greiðslum, skal skylt að greiða áfallnar greiðslur með hæstu dráttarvöxtum frá þeim tíma sem greiðslan átti að gjaldfalla.

II. Félagaskipti leikmanna milli landa

A. ALMENN ÁKVÆÐI

1. Ef leikmaður hyggst leika með erlendu liði og samkomulag er um félagaskiptin við félagastjórn hans, skal félagsstjórnin tilkynna stjórn KKÍ um þá ákvörðun bréflega.
2. Um hlutgengi íslenskra ríkisborgara og félagsskipti til, frá eða milli erlendra ríkja skal farið samkvæmt reglugerð KKÍ um félagaskipti.
3. Leikmanni er óheimilt að semja um félagaskipti til erlendra félaga meðan á keppnistímabili stendur frá 1. september til og með 30. apríl. Þó er félagi heimilt að samþykka félagaskipti leikmanna 17 ára og yngri til erlendra félaga á umræddu tímabili með fullu samþykki viðkomandi félagsstjórnar.
4. Leikmaður, sem hyggst gerast leikmaður í körfuknattleik með erlendu félagi eða liði, skal tilkynna þá ákvörðun strax til félags síns og eru félagaskiptin háð samþykki þess. Leikmanni er með öllu óheimilt að skrifa undir samning um

- að leika körfuknattleik með erlendu liði, fyrr en hann hefur borið samninginn undir félag sitt.
5. Leikmaður, sem gerir samning um að leika körfuknattleik erlendis, skal sjá um að í samningi séu ákvæði, sem tryggja að honum sé heimilt að gerast körfuknattleiksmaður á Íslandi, kvaðalaust, eftir að samningur hans er útrunninn, óski hann þess.
 6. Skal um þessi efni gerður sérstakur samningur, "separate agreement", á til þess gerðu eyðublaði, undirritað af fulltrúa þess félags, sem leikmaður fer til og leikmanni. Skylt er leikmanni að láta þann samning fylgja sér, ef hann skiptir um félag eða lið erlendis.
 7. Félag leikmanns, er hyggst gerast leikmaður í körfuknattleik erlendis, getur tekið við greiðslum frá hinu erlenda félagi eða liði við félagaskipti leikmannsins.
 8. Ef leikmaður hefur leikið með deildarliði félagsins á keppnisárinu eða því næsta á undan, en hefur félagaskipti og vill síðan ráða sig til erlends félags eða liðs, þarf að ganga frá samkomulag við stjórn félagsins (KR).

B. SÉRÁKVÆÐI FYRIR LEIKMENN SEM ERU SAMNINGSBUNDNIR

Ef leikmaður, sem er samningsbundinn við félagið, hyggst leika með erlendu liði skulu þeir samningar fara fram í samráði við það félagið. Samningaviðræður vegna félagaskipta til erlendra félaga skulu taka mið af eftirfarandi vinnureglum:

1. Leikmaður semur sjálfur um eigin launagreiðslur.
2. Stjórn félagsins semur um félagaskiptagjald við erlenda félagið.
3. Ef leikmaður telur að stjórn félagsins sýni óbilgirni í samningum og hindri með því möguleg félagaskipti til erlends

F.h. ÍBR

Gísli Georgsson

**Samþykkt með breytingum
(Sjá þingskjal nr. 25)**

ÞINGSKJAL NR. 12

LEIKMANNASAMNINGUR

Körfuknattleiksfélag _____, hér eftir nefnt félag og _____, leikmaður félagsins, hér eftir nefndur leikmaður, gera með sér eftirfarandi samning, sem gildir eitt/tvö keppnistímabil, nánara tiltekið frá dagsetningu undirritunar til ____ / ____ 199 ____.

1. SKYLDUR LEIKMANNS

- a. Leikmaður skuldbindur sig til þess að æfa og leika körfuknattleik með félagi sínu á samningstímanum, samkvæmt ákvörðun stjórnar félagsins, og taka þátt í sameiginlegum verkefnum leikmanna félagsins í samráði við stjórn þess. Öll forföll skal leikmaður tilkynna stjórn félagsins eða fulltrúa hennar þ.e. þjálfara.
- b. Leikmaður skal fylgja í einu og öllu þeim reglum, sem settar eru um undirbúning leikja og nota þann útbúnað, sem félagið fer fram á að verði notaður.
- c. Leikmaður skal gæta þess að öll framkoma hans og talsmáti séu féluginu sæmandi og til framdráttar jákvæðri ímynd félagsins.
- d. Leikmanni er óheimilt að gera sjálfstæðan auglýsingasamning án samráðs við stjórn félagsins.
- e. Leikmanni er óheimilt að æfa, keppa, þjálfa eða sýna körfuknattleik á vegum annars aðila en félagsins á samningstímanum án leyfis stjórnar þess. Þó skal honum ævinlega heimil þátttaka í körfuknattleikslandsleikjum Íslands, svo framarlega, sem KKÍ gætir þess að tímasetning landsleikja stangist ekki á við meistarafloksleiki félagsins í opinberum mótum og að leikmaður njóti hæfilegrar hvíldar fyrir næsta leik með félagsliðinu og svo framarlega að hann sé slysa-tryggður af hálfu KKÍ. Leikmanni er ekki heimilt að æfa eða taka þátt í öðrum íþróttagreinum en körfuknattleik án sérstaks leyfis stjórnar félagsins, sem setur viðeigandi skilyrði.
- f. Leikmaður getur ekki gert frekari kröfur um greiðslur, en fram koma í samningi þessum eða fylgiskjölum hans.
- g. Á samningstímanum má leikmaður ekki, án leyfis stjórnar félagsins, eiga viðræður um félagaskipti né ganga frá samningum við önnur íslensk eða erlend félög eða umboðsmenn þeirra. Ef leikmaður hyggst gera samning við erlent félag skulu samningsviðræður fara fram í samráði við og með þáttöku stjórnar félagsins, óski hún þess.
- h. Leikmaður, sem er samningsbundinn féluginu, getur ekki haft félagaskipti, nema félagið og hann séu sammála um að leysa hvorn annan frá samningnum. Eftir að samningur rennur út skulu félagaskiptin hlíta þeim ákvæðum er fram koma í viðauka 1 í þessum samningi.

2. SKYLDUR FÉLAGS

- a. Félagið skal leitast við að sjá leikmönnum fyrir sem bestri aðstöðu til æfinga og keppni þeim að kostnaðarlausu.
- b. Félagið skal gæta þess að þjálfarar félagsins stundi starf sitt á þann hátt að það skili leikmönnum og féluginu sem mestum og bestum árangri.
- c. Félagið skal sjá til þess að á leikjum meistaraflokk sé til taks læknir eða sérhæfður starfsmaður er sinnt getur meiðslum leikmanna. Félagið skal vísa leikmanni, sem verður fyrir meiðslum við æfingar eða keppni á vegum þess, til

- hæfs læknis eða sjúkraþjálfara. Félagið skal greiða þann kostnað, sem leikmaður þyrfti að bera vegna meðferðarinnar og ekki greiðist af almannatryggingum eða tryggingafélögum, ef leikmaður fylgir leiðsögn félagsins um lækni eða sjúkraþjálfara, enda sé slík meðferð nauðsynleg vegna meiðsla við æfingar eða keppni á vegum félagsins.
- d. Félagið skal útvega leikmönnum nauðsynlegan útbúnað til æfinga og keppni. Eftirfarandi útbúnaður skal lagður til: Keppnisbúningur, æfingagalli, körfuknattleiksskór, æfingataska og nauðsynlegar sjúkravörur.
 - e. Félagið skal ganga frá slysatryggingu fyrir leikmanninn, sem nær yfir æfingar, keppni, ferðir og starf í tengslum við félagið, sem tryggir leikmanninum slysadagpeninga og örorkubætur eða aðstandendum hans dánarbætur.
 - f. Stjórn félagsins er heimilt að gera undantekningu frá reglum hvað varðar greiðslur vegna félagaskipta samningsbundinna leikmanna. Þetta á einkum við þegar mjög persónulegar aðstæður valda félagsskiptum, t.d. ef leikmaður fer erlendis til náms. Slíkar undantekningar eru þó í öllum tilvikum háðar mati stjórnar félagsins, sem er heimilt að setja viðeigandi skilyrði.

3. ALMENN ÁKVÆÐI

- a. Leikmenn meistaraflokks skipa two menn úr sínum hópi og stjórn félagsins skipar two menn úr sínum hópi í nefnd, sem sker úr ágreiningsefnum, sem kunna að koma upp vegna leikmannasamninga. Ef ekki næst samkomulag á þann hátt skal hvor samningasaðila tilnefna einn mann í gerðardóm og dómkostóll KKÍ skipa oddamann.
- b. Ef annar hvor samningaðili verður uppvís að því að brjóta ákvæði samnings þessa í mikilvægum atriðum, getur hinn aðilinn rift honum.
- c. Aðilar geta hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum.
- d. Samningur þessi skal sendur félagaskiptanefnd KKÍ til skráningar.

Staður og dagsetning.

Staður og dagsetning.

Undirskrift leikmanns

Undirskrift félags

Kennitala leikmanns

Kennitala félags

Móttekið af félagaskiptanefnd KKÍ: _____
Dags.

F.h. ÍBR og nefndar sem falið var að skoða reglur um leikmannasamninga.
Gísli Georgsson

Samþykkt með breytingum (Sjá þingskjal nr. 26)

PINGSKJAL NR. 13

Breytingatillaga við 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót

8. GREIN

Áður en leikur hefst skulu þjálfarar liða afhenda ritara útfyllta leikskýrslu með nöfnum og númerum leikmanna. Að leikslokum undirrita dómarar skýrsluna ásamt starfsmönnum.

Framkvæmdaaðili leiks (heimalið) skal koma skýrslunni til umsjónaraðila móts, en til mótanefndar KKÍ ef um landsmót eða bikarkeppni er að ræða, eigi síðar en 4 dögum eftir leikdag miðað skal við póststimpil (laugardagar og sunnudagar undanskildir). *Í efstu deild karla og kvenna skal heimalið senda allar tölfræðiupplýsingar á tölvutæku formi um móttald til KKÍ. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 3 klst. eftir að leik líkur.*

Vanræksla á skýrsluskilum varðar dagsektum kr. 190,00 á hverja skýrslu hvern dag. *Sé tölfræðiskýrsla ekki send innan tilskilinna tímamarka varðar það sekt að upphæð 2.000 kr. fyrir hvern leik.* Skýrslur skulu berast mótanefnd KKÍ með sannanlegum hætti.

Leikskýrsla skal gerð á eyðublöð sem KKÍ getur út eða er gefin út í umboði þess.

Komi í ljós að leikmaður er ólöglegur, ber félag hans ábyrgð á því.

Sektarupphæðir skulu breytast í sama hlutfalli og breytingar á aðgöngumiðaverði í efstu deild mfl. karla.

Skáletruðu setningarnar eru viðbót við reglugerðina.

Stjórn KKÍ

Greinargerð: Vefsíður ÍSÍ og KKÍ hafa reynst mjög vinsælar og hafa mjög margir heimsótt þær. Bæði hafa fjölmíðlamenn sem og aðrir áhugamenn komið inn á síðurnar til að fá upplýsingar um t.d. tölfræði, rétta stöðu ofl. þess háttar. Oft brennur það við að fjölmíðlamenn vantar efni og þá geta þeir sótt í tölfraðina í körfunni. Það er því mjög mikilvægt að leikirnir séu uppfærðir jafnóðum og að allir geti treyst því að upplýsingarnar muni skila sér. Ef einn leik vantar þá er allt ónýtt. Annað er að fyrirtæki sem eru með fréttir á vefnum s.s. Mbl, Islandia ofl. hafa haft áhuga á að fá þessar upplýsingar. Það er því möguleiki á að KKÍ fái með tímanum tekjur af þessum upplýsingum með því að selja aðgang að þeim. Því er það að þesi skil á skýrslum eru sett inn í reglugerð.

**Samþykkt með breytingum
(Sjá þingskjali nr. 27)**

PINGSKJAL NR. 14

Nefnd um málefni 1. flokks karla Álit og tillögur til úrbóta

Nefndin kom saman á vordögum og ræddi málefni 1. flokks karla. Mættir voru Torfi Magnússon, Ellert S. Manússon og Björn Leósson sem var starfsmaður nefndarinnar. Keppni í þessum flokki hefur verið í ólestri undanfarin ár og mál til komið að gerðar verði úrbætur. Nefndin leggur til eftirfarandi úrbætur í málefnum 1. flokks karla:

1. Keppni í 1. flokki verði sett undir sömu reglur og gilda í öðrum flokkum. Þ.e. að leikir fari fram á þeim tíma sem tilgreindur er í mótaskrá, nema mótanefnd ákveði annað.
2. Dómaranefnd KKÍ raði dómurum á leiki í 1. flokki karla.
3. Fundinn verði hetugur leiktími fyrir leikina. T.d. strax á eftir meistarafloksleikjum sömu félaga.

Ellert S. Magnússon
Torfi Magnússon

**Samþykkt með breytingum
(Sjá þingskjali nr. 14 a)**

Breytingartillaga við þingskjali nr. 14

PINGSKJAL NR. 14 a

Nefnd um málefni 1. flokks karla Álit og tillögur til úrbóta

Nefndin kom saman á vordögum og ræddi málefni 1. flokks karla. Mættir voru Torfi Magnússon, Ellert S. Manússon og Björn Leósson sem var starfsmaður nefndarinnar. Keppni í þessum flokki hefur verið í ólestri undanfarin ár og mál til komið að gerðar verði úrbætur. Nefndin leggur til eftirfarandi úrbætur í málefnum 1. flokks karla:

1. Keppni í 1. flokki verði sett undir sömu reglur og gilda í öðrum flokkum. Þ.e. að leikir fari fram á þeim tíma sem tilgreindur er í mótaskrá, nema mótanefnd ákveði annað.
2. Dómaranefnd KKÍ raði dómurum á leiki í 1. flokki karla.
3. Fundinn verði hetugur leiktími fyrir leikina. T.d. strax á eftir meistarafloksleikjum sömu félaga.
4. Ekki verður greiddur ferðakostnaður vegna dómgæslu í 1. flokki.

Laga og leikreglnanefnd

SAMÞYKKT

PINGSKJAL NR. 15

Tillaga um breytingu á 24. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót varðandi 1. deild og 2. deild karla.

II. DEILD KARLA

II. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða I. deild. Félögum sem eiga sæti í úrvalsdeild eða 1. deild karla er þó heimilt að senda lið til þátttöku í 2. deild og nefnast þau b-lið og c-lið o.s.f.v. Reynt skal að svæðisskipta deildinni eftir landsfjórðungum. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag eftir fjölda liða.

Það félag sem sigrar í II. deild karla hlýtur særðarheitið "Íslandsmeistari". Sigurvegari II. deildar flyst upp í 1. deild næsta leiktímabil, nema b-lið, c-lið o.s.f.v. félaga sem leika í 1. deild eða úrvalsdeild.

F.h. KKRR
Gísli Georgsson

FELLT

PINGSKJAL NR 15 a

Breytingartillaga við þingskjal nr. 15

II. DEILD KARLA

II. DEILD karla skal skipuð þeim liðum sem ekki eiga sæti í úrvalsdeild eða I. deild sem og b-liðum, c-liðum o.s.f.v. þeirra félaga, sem eiga sæti í efri deildunum. Reynt skal að svæðisskipta deildinni eftir landsfjórðungum. Mótanefnd KKÍ skal útfæra keppnisfyrirkomulag eftir fjölda liða. Heimilt skal mótanefnd KKÍ að slá saman fjórðungum á þann hátt að lið á Norðurlandi, Vesturlandi, Vestfjörðum ásamt Reykjavík og Reykjanesi verði saman og Austurland og Suðurland verði saman. Stjórn KKÍ ákveður þátttökugjöld i II . deild.

Efstu lið í hverjum riðli taka þátt í úrslitakeppni. Lið þeirra félaga, sem ekki leika í úrvalsdeild eða 1. deild leika saman í úrslitariðli 1, en b-lið, c-lið os.f.v. félaga, sem leika úrvalsdeild eða 1. deild leika saman í úrslitariðli 2. Sigurvegari í úrslitariðli 1 flyst upp í 1. deild. Sigurvegarar riðlanna leika til úrslita um sigur í II. deild

Í keppni II. deildar gilda reglur FIBA um niðurröðun liðanna, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Það félag sem sigrar í II. deild karla hlýtur særðarheitið "Íslandsmeistari". Sigurvegari II. deildar flyst upp í 1. deild næsta leiktímabil.

FELLT

FYLGISKJAL MED ÞINGSKJALI NR. 16

SÓKN Í KVENNAKÖRFUKNATTLIEIK

Stjórn KKÍ
Maí 1998

卷之三

SÓKN Í KVENNAKÖRFUKNATTLEIK

Eftirfarandi er skýrsla um ástand mála í íslenskum kvennakörfuknattleik, skilgreining á stöðunni eins og hún er í dag, hugleiðingar um vandamál sem fyrir hendi eru og orsakir þeirra, yfirlit yfir þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram um fjárhagslegan grundvöll, raunhæf markmið og leiðir að þeim.

Ljóst er að kvennaþróttir almennt eiga undir högg að sækja, og á það við um allar boltaþróttagreinarnar. Hefur ÍSÍ m.a. staðið fyrir átaksverkefnum í því skyni að snúa þeirri þróun við. Um er að ræða minni möguleika á tekjum, aukið ójafnrétti við karlaliðin, og aukið brottfall yngri iðkenda/keppenda.

Þeirri þróun verður ekki snúið við nema til komi samhent átak þar sem allir leggjast á eitt við að vinna kvennakörfuknattleik sóknarfæri. Vaxtarbroddur er mikill á þessu sviði, enda eru iökendur einungis um fjórðungur körfuknattleikshreyfingarinnar. Engu að síður verða menn að gera sér grein fyrir því að þetta breytist ekki með neinni byltingu, heldur þróun. Er skýrslu þessari ætlað að marka upphaf slíkrar þróunar sem *sókn í kvennakörfuknattleik*.

Skýrsla þessi er byggð á bréfum frá aðilum sem stjórn KKÍ hefur óskað eftir að aðstoði við skilgreiningu á orsökum og ráðgjöf um aðgerðir á sviði kvennakörfuknattleiks. Er þar um að ræða Magnús Svavarsson, Sigurð Hjörleifsson og Karl Jónsson. Auk þess er byggt á stefnumótun kennalandslíðsnefndar sem lögð var fram í vetrur. Fjallað verður um málefni kvennakörfuknattleiksins í tvennu lagi, þ.e. annarsvegar um íslandsmótið hér á landi, og hinsvegar uppbyggingu kennalandslíða KKÍ.

I. ÍSLANDSMÓT.

- I.1. Almennt.
- I.2. Staðan í dag.
- I.3. Orsakir - vandamál.
- I.4. Fjárhagsforsendur.
- I.5. Markmið - tímasetningar.
- I.6. Leiðir að markmiðum.
 - 1.6.a. Félög.
 - 1.6.b. KKÍ.
- I.7. Niðurstöður.

II. LANDSLIÐ

- II.1. Almennt.
- II.2. Staðan í dag.
- II.2.a. A-landslið.
- II.2.b. Unglingalandslið.
- II.3. Orsakir - vandamál.
- II.4. Fjárhagsforsendur.
 - II.4.a. Félög.
 - II.4.b. KKÍ.
- II.5. Markmið - tímasetningar.
- II.6. Leiðir að markmiðum.
- II.7. Niðurstöður.

III. VIÐAUÐAR.

- III.1. Framkvæmdaáætlun.
- III.2. Erindisbréf erindreka.
- III.3. Tillögur fyrir ársþing 1998

I. ÍSLANDSMÓT.

I.1. Almennt.

Íslandsmót kvenna fer nú fram í tveimur deildum í meistaraflokki. 1. deild kvenna er leikin með tvöfaldri umferð heima og heiman, auk úrslitakeppni, en 2. deild er leikin í fjölliðamótaformi. Eftirsarandi er yfirlit yfir þátttökulið í deildunum s.l. vetur miðað við lokastöðu mótsins.

<u>1. deild</u>	<u>2. deild.</u>
Keflavík	UMFT
KR	Skallagrímur
ÍS	KFÍ
Grindavík	Pór Akureyri
ÍR	ÍA
(Breiðablik hætti keppni)	Haukar

Í yngri flokkum kvenna er keppt í fjölliðamótum, í eftirsarandi flokkum.

	Unglingaflokki Keflavík, Breiðablik, ÍR, UMFN, Snæfell, UMFG, KR, Tindastóll, Pór Ak. ÍA, Haukar (Pór Akureyri, ÍA og Haukar drógu lið út úr keppni)
Haukar	Stúlknaflokk (Fjölliðamót). ÍR, Breiðablik, Keflavík, UMFN, UMFT, KR, Skallagrímur, USAH, Keflavík b, (ÍA, USAH og Haukar drógu lið út úr keppni, USAH kom inn síðar sem gestalið)
	8. flokkur kvenna Keflavík, Snæfell, Tindastóll, ÍR, Breiðablik, UMFA, KR, UNP, UMFG, Skallagrímur, (Haukar, Hörður. (ÍA, Hörður og UMFN drógu lið sín úr keppni).
	Minnibolti Keflavík, UMFG, KR, ÍR, UMFH, Skallagrímur, UMFN, UMFG b, Haukar, Breiðablik (Fylkir hætti við þátttöku, Breiðablik, UMFN og Grindavík b drógu lið sín úr keppni)

Alls tilkynna inn þátttöku á Íslandsmóti kvenna 1997-1998 38 yngri flokkar frá 17 félögum. Alls tilkynntu inn 12 félög þátttöku í mfl. kvenna
Til samanburðar þá tilkynntu inn þátttöku 1990-1991 18 yngri flokkar frá 9 félögum. Alls tilkynntu inn 6 félög þátttöku í mfl. kvenna.

I.2. Staðan í dag.

Það sem mest hefur verið áberandi "út á við" á íslandsmótinu í 1. deild kvenna er brottfall liða, fækken úr 10 liðum árið 1995 í 5 lið árið 1997. Þá voru UMFG, ÍR, KR, ÍS, Keflavík, Breiðablik, Njarðvík, Valur, UMFT, ÍA í 1. deild kvenna. Í dag eru UMFG, KR, ÍR, ÍS, Keflavík í 1. deild kvenna. Verður vikið að hugleiðingum um orsakir þess hér astar.

Liðum í meistaraflokki kvenna hefur þó ekki fækkað, heldur hafa hlutföll á fjölda liða milli 1. og 2. deilda breyst sem þessu nemur. Öflugt ungingastarf virðist vera að skila sér hjá nokkrum liðum, einkum á landsbyggðinni, og má þar sem dæmi nefna Sauðárkrók, Ísafjörð og Borgarnes sem dæmi. Enn sem fyrr er höfuðborgarsvæðið vandamál.

I.3. Orsakir - vandamál.

Ef litið er til hugsanlegra orsaka fyrir stöðunni í dag, er e.t.v. rétt að byrja á því að skoða söguna og þróun keppninnar á íslandsmótiunu undanfarin ár. Árið 1996 virtust félögini í 1. deild kvenna hafa háleit markmið og mættu öll til leiks með með erlenda leikmenn. Hafði það verið þróun sem náði hámarki þetta ár. Árið eftir virtist eins og gert hafi verið þegjandi samkomulag um að ekkert lið myndi ráða erlendan leikmann (Penni Peppas virðist vera álitin n.k. íslendingur að þessu leyti).

Við þetta "samkomulag" er ljóst að tíu lykilleikmenn, tvö heil lið, hurfu á brott úr deildinni. Virðist sem yngri flokkar félaganna hafi verið mis-reiðubúnir til að fylla þau skörð, og að þetta hafi leitt til þeirrar þróunar sem markað hefur deildarkeppnina nú s.l. vetur, þ.e. að getumunur liðanna virðist aukast mikið og bestu leikmennirnir flykkjast í bestu liðin. Hér virðist jafnframt umgjörð liðanna og starfið í viðkomandi körfuknattleiksdeildum hafa einnig nokkur áhrif.

Hefur þetta óneitanlega leitt til þess að gæði og breidd bestu liðanna hefur tekið stökkbreytingum, og m.a. leitt til margfalt meiri sjónvarpsathygli en nokkur dæmi eru um í íslenskum kvennakörfuknattleik. Er þetta vissulega ljós punktur á þeirri þróun sem hér var lýst að framan, og hafa sumir líkt þessu við 1. deild kvenna í handknattleik hvað þetta varðar.

Svo virðist sem að nægilegt framboð sé af leikmönnum í yngri flokkum, en nokkuð skorti á markvissar aðgerðir við að halda leikmönnum við efnið. Snýr það annarsvegar að viðkomandi félögum með stjórnun og umgjörð liðsins og hinsvegar að KKÍ með því að skapa "gulrót" til að stefna að með vönduðu mótaþaldi og starfi landsliða.

Mjög erfitt er að fá fólk til starfa almennt í deildum, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er eitt af því sem fyrst bitnar gjarnan á kvennadeildunum. Tekjuleiðir eru rýrar og körfuknattleiksdeildir lítt aflögufærar um viðbótarframlög. Starfið virðist gjarnan byggjast á algerum eldhugum sem sjá um starfið frá A-Ö, en þegar þeir hverfa á braut þá er hætt við hruni.

I.4. Fjárhagsforsendur.

Eins og fyrr segir eru fjárhagslegar forsendur kvennaflokka mun takmarkaðri en karlaflokka. Tekjuleiðir á borð við sölu auglysinga á búninga, íþróttavörusamningar og áhorfendatekjur eru ekki til staðar í sama mæli og hjá karlaflokkum. Virðist þetta leiða til þess að þegar kreppir að fjárhagslega hjá félögum þá bitni það fyrst á kvennaflokkum, og þeir jafnvel lagðir niður í "sparnaðarskyni".

Á móti kemur að gjarnan virðist meira aðhalds vera gætt í útgjöldum kvennaflokka, kostnaðarþátttaka leikmanna meiri en hjá körlunum og síðast en ekki síst virðist vinnuframlag leikmanna í kvennaflokkum vera mun ríkara en hjá karlaflokkum. Þetta hefur ávallt verið vanmetið.

Svo virðist sem það sé viðurkennd staðreynad að félög greiði lægri laun til þjálfara kvennaflokka en sambærilegra karlaliða. Þessu þarf að breyta. Athyglisvert væri fyrir félög að reikna út hlutfall kostnaðar við kvennakörfuknattleik innan félagsins gagnvart heildarveltu félagsins, einnig m.t.t. kostnaðar við erlenda leikmenn í meistaraflokki karla o.s.frv.

Félög greiða þáttökugjöld til KKÍ vegna kvennaliða líkt og karlaliða og eru fjárhæðir sambærilegar. Kvennaliðin greiða þó mun lægri upphæð vegna ferðakostnaðar dómarar en lið í DHL deild og 1. deild karla. Þeirri fjárhæð er ætlað að standa straum af kostnaði við skipulagningu og umsjón mótaþaldi. KKÍ hefur tekið um þá nýjung að greiða kostnað við dómarar í úrslitaleikjum allra yngri flokka. Þetta á jafnt við um karlalið og kvennalið. KKÍ annast almennt fræðslu- og útbreiðslustarf sem nýtist báðum kynjum jafnt, s.s. útgáfumál, þjálfaranámskeið, hringferð o.fl.

Hér astar er fjallað um aðgerðir sem verða eiga leiðir að markmiðum. Þær aðgerðir kosta peninga, og eftirsandi eru tillögur að fjármögnun þess átaks.

- Sala á 1. deild kvenna. Þetta er nokkuð sem ekki hefur tekist enn, en fullvist má telja að sé unnt með nokkurri vinnu og útsjónarsemi. Stjórn KKÍ hefur lýst því yfir að hverjum þeim sem tekst að selja deildina skv. lágmarksskilmálum stjórnar, fái 20% þóknun í sinn hlut. Það er þess virði.

- Öll félög í úrvalsdeild og 1. deild karla verði tvö n.k. ár skylduð til að greiða þáttökugjöld fyrir meistaraflokk og two yngri flokka kvenna, hvort sem þau lið kjósa að senda liðin til keppni eða ekki. Þessir fjármunir verði eyrnamerktir átaksverkefni við uppbyggingu kvennakörfuknattleiks. Lið voru reyndar skylduð til að greiða þáttökugjald með þessum hætti fyrir nokkrum árum á þann hátt að öll félög sem voru með mfl. karla þurftu að greiða þáttökugjöld fyrir two yngri flokka hvort sem þau sendu yngri flokka í móti eða ekki.
- Skrifstofu KKÍ verði falið að sækja um alla styrki sem mögulegir eru vegna uppbyggingar kvennakörfuknattleiks, þ.m.t. frá ÍSÍ, FIBA, menntamálaráðuneyti o.s.frv. Þeir fjármunir sem fást verði eyrnamerktir þessu átaksverkefni.
- KKÍ, í samstarfi við hvert félag, riti bréf til sveitarfélags og/eða efstir atvikum einnig íþróttabandalags á því svæði sem liðið starfar, með ósk um sérstakt framlag til þessa tveggja ára átaksverkefnis. Fjármunirnir renni óskipt til félagsins samkvæmt skýrri framkvæmdaáætlun sem lögð verði fram.

I.5. Markmið - tímasetningar.

Setja þarf markmið um markvissa fjölgun liða í meistaraflokki kvenna. Rétt er að setja markmið um fjölgun um 1-2 lið árlega næstu 5 árin. Samhliða markmiðum um fjölgun liða þarf að skilgreina markmið fyrir keppnisfyrirkomulag og fjölda liða í 1. deild kvenna.

(Helstu sérfræðingar okkar þurfa að meta hversu raunhæf fjölgunin er miðað við það yngri flokka starf sem til staðar er í dag, og hvað má vænta af þeim aðgerðum sem gripið verður til).

I.6. Leiðir að markmiðum.

Leiðir að fyrrgreindum markmiðum hljóta að byggja annarsvegar á að treysta þann grunn sem til staðar er í dag en hinsvegar að leggja áherslu á fjölgun í yngri flokkum til að ná markmiðum næstu ára.

Skipa þarf sérstakan vinnuhóp sem hefur yfirumsjón með framkvæmdum samkvæmt þessu, og starfar í nánu samráði við félögini, unglingsanefnd KKÍ, og skrifstofu KKÍ. Mikilvægt er að gerð sé skýrsla um þróunina a.m.k. tvisvar á ári og metið hvort markmið hafi náðst og/eða hvort rétt sé að endurskoða markmið eða leiðir.

Eftirsarandi eru nokkrar tillögur um aðgerðir.

1.6.a. Félög.

- Félög láti ekki meistaraflokk og yngri flokka æfa sameiginlega. Þetta veldur brottfalli hjá stórum hópi leikmanna sem nær ekki að fóta sig í byrjun undir slíkum kringumstæðum.
- Félög stofni kvennaráð sem starfi óskipt að málefnum kvennakörfuknattleiks innan félagsins.
- Félög vinni markvisst að því að fá "eldri" leikmenn aftur inn í starfið, leikmenn sem e.t.v. hættu alltof ungar og eru enn í "fullu fjöri", eða t.d. hættu vegna barneigna en hafa ekki drifið sig aftur af stað. Slíka leikmenn kann einungis að vanta hvatningu til að byrja aftur, en jafnframt er haegt að biðla til þeirra um aðstoð a.m.k. tímabundið til að brúa bil til nýrrar kynslóðar. Jafnframt þarf að virkja slíka leikmenn í félagsstarfið.
- Leikmenn kvennafloks verði látnar æfa jafn oft og karlaliðin. Fram hefur komið að leikmenn í körfuknattleik kvenna æfa langtum minna en stallsystur í handknattleik og knattspyrnu. Þetta er einnig spurning um jafnræði og hluti af því að kvenfólk sé sýnt jafnrétti gagnvart körlum. Jafnframt þarf að ihuga tímasetningar á æfingum kvennaliða, þar þarf jafnframt að gæta betra jafnræðis.
- Félög vandi val á þjálfurum og fari eftir stefnumótun KKÍ um menntaða þjálfara fyrir kvenfólk jafnt sem karla.
- Kröfur um að ritaraborð/tölfraði sé mannað af sama metnaði og í karlaleikjum.
- Hugmynd hefur komið fram um að á tilteknun svæðum geti lið sameinast um að senda lið til keppni í 1. deild kvenna (a.m.k. tímabundið), en eftir sem áður haldið aðskildu unglungastarfinu.

1.6.b. KKÍ

- Ráðinn verði erindreki til þess að aðstoða körfuknattleiksdeildir handvirkt við að byggja upp körfuknattleik kvenna innan hvarrar deildar. Útbúa þarf skýrt erindisbréf fyrir viðkomandi aðila, og æskilegt er að sameina þetta uppbyggingu unglungastarfs. Meðal atriða sem erindrekinn myndi sinna væri t.a.m.:
 - Gera skýrslu um stöðu kvennakörfuknattleiks hjá viðkomandi liði. Framkvæmdaáætlun.
 - Fundi með stjórn deildarinnar. Áróður, fræðsla og skipulagsupplýsingar.
 - Mæti á æfingu allra kvennaflokkka og haldi fyrirlestur um framtíðarhorfur o.fl.
 - Fá nafnalista yfir alla leikmenn (líka brottfallnar) m.a. vegna markpósts.
 - Raði við leikmenn (líka brottfallnar) um helstu vandamál þeirra við þátttöku.
 - Leiti að stúlkum sem vilja starfa þó þær spili ekki (dómarar, þjálfarar, stjórnarmenn).
- Boðið verði upp á heimsókn landsliðskonu til að halda námskeið hjá yngri flokkum félagsins í samstarfi við þjálfara þess. Þetta yrði hluti af almennu fræðsluverkefni, en sérstök áhersla yrði lögð á fjölgun stúlkna. Undirbúa yrði þetta af hálfu erindreka.

- Unglinganeftnd KKÍ verði falið að annast jafnframt framkvæmd æfingabúða fyrir stúlkur í tengslum við næstu verkefni nefndarinnar. Staðið verði að æfingabúðunum með sama hætti og um undirbúning landsliðs sé að ræða, og boð til leikmanna berist með sama hætti í gegnum félögin. Mikilvægt er að leikmenn fái einhverjar viðurkenningar fyrir þátttökuna (sjá viðurkenningarskjólin hans Halldórs).
- Haldið verði sérstakt námskeið á vegum KKÍ (ath. styrk/samstarf við ÍSÍ) um þjálfun kvennaflokka í körfuknattleik. Hér þarf nokkuð að fjalla um sálfræðibáttinn líka. Byggja upp sjálfstraust kvenkynsleikmanna.
- KKÍ finni fastan leikdag fyrir 1. deild kvenna sem sameini það að hafa ekki aðra fasta liði á íþróttalmanakinu og það að vera auðvelt fyrir fjölmöld að fjalla um.
- KKÍ sendi út bréfi til aðildarfélaga með ábendingu um að standa fyrir æfingamóti fyrir lið í meistaraflokki kvenna að hausti, líkt og hraðmót Vals í karlaflokki.
- Hafa 1. deildarlið kvenna inni í sameiginlegri leikskrá með DHL-deildarliðum?

Aðrar hugmyndir sem komið hafa fram eru m.a. að setja á fót fyrirtækjabíkar kvenna, fá "official" bolta í deildina og að fá félög til þess að halda æfingamót að hausti svipað og hraðmót Vals í karlaflokki. Þá var ein hugmynd um að KKÍ myndi styrkja félög sem fá sér erlendan leikmann. Þessar hugmyndir er KKÍ ekki reiðubúin að leggja fram sem sínar tillögur nú, en vekur athygli á að hugmyndirnar eru til umræðu.

Ljóst er að erfitt er að setja strangar reglur, ströng skilyrði og aukin fjárlát á sama tíma og við erum að róa að því öllum árum að menn leggi ekki niður kvennakörfuna. Á hinn bóginn er það viðurkennd staðreynd að hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér, og að þeir kosta peninga. Ef ekki eru forsendur eða áhugi fyrir þátttöku af hálfu félaganna þá verður uppygging á kvennakörfuknattleik aldrei annað en marklaus baráttu við vindmyllur.

Gera þarf nákvæma kostnaðaráætlun f. þessar aðgerðir, erindisbréf f. erindreka, formlegar tillögur f. þing.

Gera þarf nákvæma framkvæmdáætlun í tímaröð. Hvenær - aðgerð - hver á að framkvæma.

I.7. Niðurstöður.

Meginniðurstöður eru þær að menn verða hafa trú og vilja til þess að auka veg íslandsmóts kvenna í körfuknattleik. Ef ekki næst órofa samstaða um skipulegt átaksverkefni kann að vera betur heima setið en af stað farið. Ef þetta er raunverulegur vilji félaganna, þá liggja fyrir tillögur á árþungi sem unnt er að leita afbrigða með.

II. LANDSLIÐ

II.1. Almennt.

Körfuknattleikssamband hefur haldið úti A-landsliði í kvennakörfuknattleik síðan 1973 (reglulega frá 1986) og hefur liðið frá þeim tíma leikið 54 leiki, þar af 11 s.l. tvö ár. Kvennalandsliðsnefnd KKÍ annast málefni A-landsliðs kvenna. Hefur einkum verið tekið þátt í tveimur reglulegum verkefnum undanfarin ár, þ.e. annarsvegar Smáþjóðaleikum (sem styrktir eru af alþjóðaolympíunefnidinni) og Promotion Cup (sem niðurgreitt er af FIBA). Önnur verkefni hafa verið æfingaleikir við nágrennabjóðir, og hefur fjöldi slíkra verkefna yfirleitt ráðist af dugnaði og frumkvæði kvennalandsliðsnefndar hverju sinni.

Unglingalandslíð kvenna hafa í gegnum árin tekið þátt í Norðulandamótum sem haldin eru fyrir þrjá aldurstópa. Þar fyrir utan hafa liðin tekið þátt í einstökum verkefnum sem fallið hafa til. Hefur ákvörðun um þátttöku gjarnan byggst á því að einhver hefur barist fyrir tiltekinni ferð og annast umgjörðina, og hefur hvati til þess gjarnan verið sá að í umræddum hópi hafa þótt vera efnilegir leikmenn.

II.2. Staðan í dag.

II.2.a. A-landslið.

A-landslið kvenna hefur bætt árangur sinn í viðureignum við þær þjóðir sem við höfum leikið við á Smáþjóðaleikum og Promotion Cup. Á s.l. 2 árum hefur liðið sigrað á báðum þessum móturnum, í báðum tilvikum í fyrsta sinn. Hafa því komið fram hugmyndir um að kanna þáttöku í Norðurlandamóti eða EM landsliða, en þáttöku í þeim móturnum var hætt vegna mikils getumunar á sínum tíma.

Liðið hefur undanfarin tvö ár leikið 11 landsleiki, sem er 100% aukning frá fyrri árum. Þá var í fyrsta sinn í sögu A-landsliðs kvenna sem KKÍ greiðir að fullu fyrir ferð liðsins í eitt verkefni erlendis.

Við mat á því hvaða verkefni stefna ber á er rétt að hafa í huga að þrír lykilleikmenn sem áttu stóran þátt í sigrum á Smáþjóðaleikum og Promotion Cup hafa ákveðið að leggja skóna á hilluna nú, og því þarf kvennalandsliðsnefnd að endurmetsa markmið liðsins m.t.t. hvaða móturnum á að taka þátt í og hvort setja eigi skammtímamarkmið um sigur eða langtímagmarkmið um uppbyggingu framar.

II.2.b. Unglingalandslið.

Undanfarin ár hefur í reynd engin unglingslandsliðsnefnd kvenna verið starfandi. Hvorki kvennalandsliðsnefnd né unglingsnefnd hafa fram að þessu viljað bera ábyrgð á þeim málefnum, og höfðu verkefni verið norðulandamót og síðan einstökum verkefnum sem fallið hafa til og ráðist af áhugasönum þjálfurum sem önnuðust alla umgjörð liðsins. Með skipan nýrrar unglingsnefndar á s.l. ári varð breyting á, og nú heyra bæði málefni unglingsliða karla og kvenna undir þá nefnd. Ber að fagna þeirti þróun.

Unglingsnefnd lagði fram umfangsmikla áætlun til ársins 1999, og hefur fram að þessu verið haldið við þá áætlun. Stúlknableið U-16 ára tók þátt í Norðurlandamóti í Holbæk í Danmörku í árslok 1996 og stóð sig þar prýðilega, vann t.a.m. Norðmenn. Stúlkur fæddar '79 og yngri tóku þátt í alþjóðlegu móti í Bandaríkjunum s.l. summar, og er stefnt að frekari verkefnum fyrir það lið. Virðast málefni stúlknaða í prýðilegum höndum núverandi unglingsnefndar.

II.3. Orsakir - vandamál.

Helstu vandamál varðandi A-landslið kvenna er ójafnræði gagnvart karlalandsliðinu að því er varðar fjármál og verkefni. Tekjustofnar A-landsliðs kvenna eru nákvæmlega engir, og hafa leikmenn þurft að greiða ferðir sínar sjálfir og einu niðurgreiðslurnar verið fólgnar í "sveitarfélagsstyrknum" og eigin fjárlunum. Ljóst er að áður en unnt er að hefja skipulegt uppbygginingarstarf með verðskuldaðri þátttöku í sterktar móturnum þarf að treysta fjárhagslegar forsendur A-landsliðs kvenna.

II.4. Fjárhagsforsendur.

Eins og fyrr segir eru fjárhagsforsendur helsti þrándur í götu þess að unnt sé að skapa stöðugleika í uppbyggingu metnaðarfullra verkefna fyrir kvennalandsliðin, einkum A-landslið. Hefur ýmislegt verið reynt til að skapa þar grundvöll, m.a. með sölu auglýsinga á keppnisbúninga, og er áfram unnið að því.

II.4.a. Félög.

Aðildarfélög KKÍ hafa ekki komið beint að fjármögnun kvennalandsliða KKÍ, en ætla má að óbeinn stuðningur sé fyrir hendi hjá sumum félögum í formi aðstoðar við sína leikmenn í landsliði.

II.4.b. KKÍ.

KKÍ hefur annast greiðslur launa til landsliðspjálfara kvenna, bæði A-landsliðs og unglingslandsliða, auk greiðsu kostnaðar við ferðir og upphald þjálfara og fararstjóra, og eftir atvikum dómara þar sem það á við.

Stefna KKÍ er sú að skapa fjárhagslegan traustan grundvöll fyrir kvennalandslíð þannig að þau njóti jafnræðis gagnvart karlaliðum. Sýnt þykir að þetta gerist ekki í einu vettangi heldur þurfí að gerast í áföngum. Sú staðreynnd að KKÍ greiddi á s.l. ári ferð A-landsliðs kvenna að fullu má ekki verða til þess að sú þróun falli um sjálft sig. Rétt gæti verið að stefna að 50% þátttöku næstu tvö árin (í fyrsta sinn á Promotion Cup nú í sumar), en fullri kostnaðarþátttöku eftir þann tíma hafi fjárhagslegur grundvöllur verið treystur nægilega.

Fjárhagslegar forsendur A-landsliðs kvenna eru tvíþættar, annarsvegar er um að ræða vanda leikmanna við að fjármagna sinn hlut í ferðakostnaði en hinsvegar er um aukningu kostnaðar að ræða ef stefnt verður að nýjum verkefnum liðsins, t.d. í EM eð Norðurlandamótí, m.a. þar sem ekki er um niðurgreiðslur að ræða. Kostnaður við þátttöku í EM getur einnig verið mjög óviss m.t.t. ferðalaga.

Eftirfarandi eru tillögur til að treysta fjárhagsforsendur kvennalandslíða KKÍ.

- Sala auglýsinga á keppnisbúninga A-landsliðs kvenna.
- Leikmönnum A-landsliðs kvenna verði falið það verkefni að fara í fræðsluferðir á vegum KKÍ um landið. Hér er um mjög eftirsóknarverða fjároflun að ræða.
- Kvennalandslíðsnefnd fái möguleika á að innheimta allar útistandandi skuldir félaga við KKÍ sem eru eldri en yfirstandandi keppnistímabil. Nefndin fái two mánuði til þess áður en þær kröfur verða sendar í lögfræðilega meðferð (þ.m.t. á aðalstjórnir félaganna) og fái nefndin 20% þóknun sem eyrnamerkingu til sinna þarfa - niðurgreiðslu ferðakostnaðar.

II.5. Markmið - tímasetningar.

Sett verði þau markmið fyrir A-landslið kvenna að:

- Sigrar á Promotion Cup í sumar og taka þátt í undankeppni EM landsliða 1999.
- Kostnaðarpátttaka KKÍ í kostnaði leikmanna verði 50% næstu tvö ár, og 100% þar eftir.

Sett verði markmið fyrir unglingslandslið KKÍ:

- Þátttaka unglingslandsliðs kvenna í norðurlandamótum verði fram haldið og verkefni við hæfi liðanna fundin.

II.6. Leiðir að markmiðum.

Mikilvægt er að kynna fyrir öllum leikmönnum markmið KKÍ í málefnum kvennalandslíða og í málefnum kvennakörfuknattleiks almennt, svo markmiðin sem slík verði hvati til þess að taka þátt í starfinu. Sýnilegt átak á borð við *sókn i kvennakörfuknattleik* getur verið “gulrót” í sjálfu sér.

Til að auka veg íslenskra kvennalandslíða í körfuknattleik eru eftirfarandi hugmyndir að leiðum settar fram til að ná þeim markmiðum.

- Æfingar kvennalandslíða verði fleiri og markvissari. Æskilegt er að undirbúningur einstakra verkefna sé sambærilegur við karlalandslið, svo og æfingar yfir keppnistímabilið.
- Unnið verði að því að fá landslið í heimsókn til Íslands um næstu áramót (1998/1999).
- Unnið verði að því að skapa verkefni fyrir A-landslið kvenna vorið 1999. Verkefni ráðist af ákvörðun landsliðspjálfara og kvennalandslíðsnefndar m.t.t. til þeirra leikmanna og þeirra markmiða sem sett verða í kjölfar Promotion Cup í sumar.

- Unglinganefnd KKÍ standi fyrir æfingabúðum fyrir stúlkur með þeim formerkjum að það sé hluti af landsliðsprógrammi sambandsins. Mikilvægt að boðun og umgjörð verði með þeim hætti, og jafnframt að allir þátttakendur fái viðurkenningu fyrir þátttökuna.

II.7. Niðurstöður.

Framundan er þátttaka A-landsliðs kvenna í Promotion Cup í Austurríki nú í sumar, og eru æfingar þegar hafnar fyrir það verkefni. Liðið á titil að verja, og nauðsynlegt að setja það markmið að liðið sigri á mótinu. Á hinn bóinn þarf að endurmeta markmiðasetningu A-landsliðsins í kjölfar þess.

Meginatriði að treysta fjárhagsforsendur A-landsliðs kvenna.

卷之三

ERINDISBRÉF

- erindreka KKÍ við framkvæmd á "sókn í kvennakörfuknattleik" -

Með vísan til skýrslu stjórnar KKÍ um "sókn í kvennakörfuknattleik" og tillagna til þingsályktunar fyrir ársþing Körfuknattleikssambands Íslands, sem haldið er á Ísafirði 8. - 10. maí 1998, um framkvæmd á þeirri skýrslu, er verkefni, hlutverk og ábyrgð erindreka eftirfarandi.

- Erindreki er ráðinn af stjórn KKÍ. Erindreki starfar á ábyrgð stjórnar KKÍ og stjórn KKÍ tekur allar ákváðanir um aðgerðir erindreka. KKÍ leggur erindreka til aðstöðu með síma. Erindreki skal starfa í nánu samstarfi við eftirtalda aðila:
 - Framkvæmdastjóra og skrifstofu KKÍ.
 - Vinnuhóp skipaðan af ársþingi KKÍ sem framkvæmdaraðila "sóknar í kvennakörfuknattleik".
 - Kvennalandslíðsnefnd KKÍ.
 - Unglinganeftirfarandi KKÍ.
- Hlutverk erindreka skulu vera allir þættir er lúta að framkvæmd skýrslu stjórnar KKÍ um "sókn í kvennakörfuknattleik", þ.m.t. eftirfarandi atriði:
 - a. Erindreki skal semja yfirlit um "módel að rekstri kvennaráðs" fyrir körfuknattleiksfélög, og vinna það í samráði við félög sem vel hafa staðið að málefnum kvennakörfuknattleiks.
 - b. Erindreki skal rita öllum liðum í 1. deild kvenna, úrvallsdeild karla og 1. deild karla, og hafa samband við stjórnir viðkomandi körfuknattleiksdeilda og óska eftir fundi með stjórninni um málefni kvennakörfuknattleiks hjá féluginu. Jafnframt skal félögunum boðið að fá heimsókn landsliðskonu í körfuknattleik er fari samhliða erindreka. Erindreki skal undirbúa ferðir þessar vel, í samráði við stjórn viðkomandi félags og þjálfara kvennaflokka.
 - c. Erindreki skal funda með stjórnunum allra körfuknattleiksdeilda skv. b-lið.
 - Kynna rækilega fyrir stjórn átakið "sókn í kvennakörfuknattleik" og hlutverki félagsins.
 - Kynna fyrir stjórn "módel að rekstri kvennaráðs".
 - Fá nöfn eldri leikmanna sem mögulegir eru sem þjálfarar, stjórnarmenn, dómarar o.s.frv.
 - Erindreki skal leita allra ráða við að félagið sendi sem flesta keppnisflokk til leiks.
 - Gerð skal úttekt á eftirtöldum atriðum hjá stjórn félagsins:
 - ⇒ Stöðu kvennakörfuknattleiks hjá féluginu ásamt þróun undanfarin 5 ár.
 - ⇒ Skýringar stjórnar deildarinnar á ástandi kvennakörfuknattleiks hjá féluginu.
 - ⇒ Stuðningi sveitarfélags/héraðssambands við kvennakörfuknattleiks hjá féluginu.
 - ⇒ Framkvæmd félagsins á þeim þáttum sem þingsályktun ársþings tekur til:
 - Hvort félög láti ekki meistaraflokk og yngri flokka æfa sameiginlega.
 - Hvort til staðar sé ráð er starfi óskipt að málefnum kvennaflokka félagsins.
 - Hvort félög skapi kvennaflokkum jafnrétti varðandi fjölda/tímasetningu æfinga.
 - Hvort félög geri sömu menntunar-/hæfniskröfur til þjálfara kvenna- og karlauflokka.
 - Hvort félög greiði þjálfurum kvennaflokka sömu laun og þjálfurum karlauflokka.
 - Hvort félög geri sömu kröfur til umgjarðar leikja kvennaflokka og karlauflokka.
 - d. Erindreki skal mæta á æfingu hjá þeim kvennaflokkum félagsins sem unnt er í sömu ferð.
 - Halda fyrirlestur fyrir leikmenn, og m.a. kynna vel átakið "sókn í kvennakörfuknattleik".
 - Sérstaklega skal kynna átak gagnvart unglingslandsliði og A-landsliði kvenna.
 - Ef unnt er skal leikmaður A-landsliðs kvenna fylgja erindreka og kynna kvennakörfu.
 - Gera skal úttekt á eftirtöldum atriðum hjá leikmönnum kennaliða félagsins:
 - ⇒ Fá nafnalista á öllum núverandi leikmönnum, og þeim fyrrver. sem mögulegt er.
 - ⇒ Fá sjónarmið leikmanna um það sem betur má fara að þeirra mati.

⇒ Fá nöfn vinkvenna leikmanna sem hugsanlegt er að hafi áhuga (v/markpósts).

- e. Erindreki skal skipulega og handvirkta reyna að byggja upp starf við kvennakörfuknattleik hjá félögum sem falla ekki undir skilgreiningu liða skv. b-lið hér að framan. Skal það felast í bréfaskrifum til félaga, ásamt því að vinna skipulega að því að finna fólk til stjórnunarstarfa kvennaráða þeirra félaga, og skal erindreki nýta aðstoð svæðisstjóra á hverjum stað og stjórn félagsins við að finna þá aðila. Meðal staða/félaga sem vinna skal slíkt má nefna:
- A.m.k. 5 félög í Reykjavík, t.d. Fylkir, Fjölnir, Vikingur, Fram, Þróttur.
 - A.m.k. 3 staðir á Vesturlandi/Vestfjörðum, t.d. Ólafsvík, Grundarfjörður, Patreksfjörður.
 - A.m.k. 5 staðir á Norðurlandi, t.d. Blönduós, Ólafsfjörður, Siglufjörður, Dalvík, Húsavík.
 - A.m.k. 3 staðir á Austurlandi, t.d. Neskaupstaður, Eskifjörður, Hornafjörður.
 - A.m.k. 3 staðir á Suðurlandi, t.d. Vestmannaeyjar, Hvolsvöllur, Hella.
- Erindreki skal skila stjórn KKÍ nákvæmri skýrslu um alla fundi með stjórnunum og leikmönnum félaga, eigi síðar en 15. október 1998. Skal þar nákvæmlega greint um allar niðurstöður sem kunnar eru og þann árangur sem þegar hefur náðst.

SÓKN Í KVENNAKÖRFUKNATTLIEIK
- framkvæmdaáætlun -

I. ÍSLANDSMÓT.

Tími:	Aðgerð	Hver framkvæmir:
Þing 1998	Samþykkt aðgerða/tillagna um fjárfamlög	Stjórn/Ársþing KKÍ
Sumar 1998	Sala á 1. deild kvenna	Stjórn KKÍ/Félög
Sumar 1998	Umsókn um alla styrki vegna verkefnisins	Stjórn KKÍ
Sumar 1998	Ráðning erindreka	Stjórn KKÍ
Sumar 1998	Undirbúningur og skipulagning erindreka	Stjórn KKÍ
Sumar 1998	Uppbyggingaráætlun kvennaflokka framkvæmd	Félög
Sumar 1998	Sent út bréf til félaga með ábendingu um haustmót	Stjórn KKÍ
Haust 1998	Sameiginleg leikskrá 1. deilda kv. og DHL-deilda	Félög/Stjórn KKÍ
Haust 1998	Komið verði á föstum leikdögum í 1. deild	Stjórn KKÍ
Haust 1998	Þátttaka u-landsliðs kvenna í 1. deild	Ungl.nefnd KKÍ
Sept. 1998	Heimsóknir erindreka/landsliðskvenna	Stjórn KKÍ
Áramót 98/99	Námskeið unglingsanefndar fyrir stíulkur	Ungl.nefnd KKÍ
Vor 1999	Skyrsla erindreka til stjórnar KKÍ	Erindreki.
Vor 1999	Þjálfaranámskeið fyrir kvennaflokkspjálfara	Stjórn KKÍ

II. LANDSLIÐ.

Tími:	Aðgerð	Hver framkvæmir:
Þing 1998	Samþykkt aðgerða og framkvæmdaáætlunar	Stjórn/Ársþing KKÍ
Sumar 1998	Þátttaka í Promotion Cup í Austurríki	Kv.landsl.nefnd KKÍ
Sumar 1998	Verkefni fyrir U-81 landslið stíulkna	Ungl.nefnd KKÍ
Sumar 1998	Sala á auglýsingum á landsliðsbúnингa A-landsliðs	Stjórn KKÍ
Sumar 1998	Innheimta á útistandandi gjöldum félaga	Kv.landsl.nefnd KKÍ
Sumar 1998	Unnið verði að öflun verkefna fyrir áramót/vor 1999	Kv.landsl.nefnd KKÍ
Haust 1998	Landsliðskonur í fræðsluferð til félaga	Stjórn KKÍ
Áramót 98/99	Landsleikir A-landsliðs á Íslandi	Kv.landsl.nefnd KKÍ
Áramót 98/99	Námskeið unglingsanefndar fyrir stíulkur	Ungl.nefnd KKÍ
Vor 1999	Þátttaka í EM landsliða eða öðru verkefni	Kv.landsl.nefnd KKÍ

PINGSKJAL NR 16

TILLAGA TIL PINGSÁLYKTUNAR.

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið á Ísafirði 8. - 10. maí 1998 samþykkir þau markmið sem fram koma í skýrslu stjórnar KKÍ, "sókn í kvennakörfuknattleik", og felur stjórn KKÍ að vinna að málefnum kvennakörfuknattleiks í anda þeirra markmiða sem þar eru sett fram.

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið á Ísafirði 8. - 10. maí 1998 samþykkir að skipa vinnuhóp til tveggja ára sem skuli hafa yfirumsjón með framkvæmd "sóknar í kvennakörfuknattleik". Vinnuhópurinn skal gefa stjórn KKÍ skýrslu um stöðu mála a.m.k. tvisvar á ári, og allar ákvarðanir um aðgerðir skulu samþykktar af stjórn KKÍ. Vinnuhópinn skulu skipa eftirtaldir aðilar:

- Formaður vinnuhópsins, tilnefndur af stjórn KKÍ.
- Formaður kvennalandsliðsnefndar KKÍ hverju sinni.
- Formaður unglinganefndar KKÍ hverju sinni.
- Fulltrúi leikmanna í kvennakörfuknattleik, tilnefndur af stjórn KKÍ.

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið á Ísafirði 8. - 10. maí 1998 samþykkir að veita stjórn KKÍ heimild til að ráða launaðan erindreka til þess að annast framkvæmd aðgerða skv. skýrslu stjórnar KKÍ um "sókn í kvennakörfuknattleik". Stjórn KKÍ ákveður kjör erindrekans og nánara hlutverk.

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið á Ísafirði 8. - 10. maí 1998 samþykkir að stjórn KKÍ verði heimilt að ákveða næstu tvö ár að öllum félögum í úrvalsdeild karla, 1. deild karla og 1. deild kvenna verði skyld að greiða þátttökugjöld fyrir meistaraflokk kvenna og a.m.k. tvo yngri flokka kvenna, hvort sem félögin senda lið til keppni í áðurgreindum keppnisflokkum eða ekki. Allt fé sem greitt er samkvæmt þeirri ákvörðun vegna flokka sem ekki eru sendir til keppni, skulu nýttir til uppbyggingar kvennakörfuknattleiks á Íslandi skv. skýrslu um "sókn í kvennakörfuknattleik".

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið á Ísafirði 8. - 10. maí 1998 samþykkir að félög innan sambandsins skuli stefna að því að uppfylla tillögur í skýrslu stjórnar KKÍ um "sókn í kvennakörfuknattleik" um umgjörð kvennastarfs félagsins, þ.m.t. eftirfarandi atriði:

- Félög láti ekki meistaraflokk og yngri flokka æfa sameiginlega.
- Félög stofni kvennaráð er starfi óskipt að málefnum kvennaflokka félagsins.
- Félög skapi kvennaflokkum jafnrétti varðandi fjölda og tímasetningu æfingatíma.
- Félög geri sömu menntunar- og hæfniskröfur til þjálfara kvennaflokka og karlaflokka.
- Félög greiði þjálfurum kvennaflokka sömu laun og þjálfurum karlaflokka.
- Félög geri sömu kröfur til umgjarðar leikja kvennaflokka og karlaflokka.

Stjórn KKÍ.

**Samþykkt með breytingum
(Sjá þingskjali nr. 28)**

PINGSKJAL NR. 17

Breytingartillaga við reglugerð um fyrirtækjabikar KKÍ

Undanúrslit og úrslit- "Hin fjögur fræknu":

Leikið er á hlutlausum velli, einn leik í hjerju tilfelli. Allir leikir skulu leiknir á sama stað. Leikið skla í Laugardalshöll, nema samhljóðandi ósk berist um annan leikstð frá öllum fjórum félögum. Undanúrslitaleikirnir fara fram samdægurs og sigurvegarar þeirra leika til úrslita tveimur dögum síðar.

Lagt er til að orðin tveimur dögum síðar verði felld niður úr greininni. Í þeirra stað komi: **daginn eftir. Að jafnaði skulu leikirnir fara fram á laugardegi og sunnuudegi.**

Rökstuðningur

Þegar þessari keppni var komið á var ætlunin að reyna að búa til „körfuboltahelgi“ úr þessum viðburði. Með því að leika leikina t.d. undanúrslitin á fimmtudegi og úrslitaleikinn á laugardegi eins og gert var síðasta haust eiga stuðningsmenn liða af landsbyggðinni mjög erfitt með að sækja leikinn/leikina vegna vinnu og skóla. Af þessum sökum er nauðsynlegt að leikirnir fari allir fram á tveimur dögum sem ekki eru virkir dagar.

Með orðalaginu að jafnaði er opnaður möguleiki á öðrum leikdögum t.d. ef öll liðin sem eru í undanúrslitum óska eftir því.

F.h. UMSS
Halldór Halldórsson

SAMþYKKT

PINGSKJAL NR. 18

Tillaga að breytingu á reglugerð fyrir Dómaranefnd

6. grein orðist svo:

Hvert félag skal greiða ákveðið gjald, dómaragjald fyrir hvern leik. Inn í gjaldinu eru greiðslur fyrir dómara og eftirlitsdómara (sbr. 7. grein). Dómarar og eftirlitsdómarar eru launaðir. Dómarar ákveða hlut dómara í dómaragjaldi. Stefnt skal að því að eigi síðar en 15. ágúst ár hvert liggi fyrir ákvörðun um dómaragjald í öllum flokkum og deildum sem gildi næsta keppnistímabil á eftir hið minnsta.

Dómaranefnd KKÍ

VÍSAÐ FRÁ

PINGSKJAL NR. 19

Niðurstöður úr matskerfi dómara

keppnistímabilið 1997-1998

Eftirfylgjandi eru niðurstöður úr matskerfi dómara sem var í gangi síðastliðið keppnistímabil.

Nokkrir byrjunarörðugleikar komu fram í byrjun og voru gerðar nokkar breytingar eftir áramót. Það þýðir að ekki er hægt að bera saman tölur fyrir áramót og eftir áramót. Á fyrsta blaðinu er hægt að sjá niðurstöður fram að áramótum en á næstu blöðum þar á eftir er sundurliðuð frammistaða dómara í hverjum leik. Þar koma fram einkunnir sem dómari fékk frá eftirlitsmanni, þjálfara sigurliðs, þjálfara tapliðs og mat dómara á eigin framistöðu. Athyglisvert er að sjá hversu mikill munur er oft á einkunnum ofangreindra aðila.

Tafla yfir framistöðumat dómara

Einkunn	Mjög góð	Góð	Sæmileg	Slæm	Óviðunandi
Dómaramatsmenn	6	18	10	0	0
Þjálfari sigurliðs	5	13	6	10	0
Þjálfari tapliðs	2	10	13	3	6
Dómari sjálfur	6	26	1	0	0

Þá sjáum við niðurstöður einkunna frá dómaramatsmönnum, þjálfurum sigurliðs og tapliðs sundurliðaða.

Að lokum fylgja með eyðublöð þau sem unnið var með eftir áramót.

Stjórn KKÍ vill koma á framfæri miklu þakklæti til Björns Björgvinssonar sem hefur séð um utanaumhald á matskerfinu og raðað matsmönnum niður á leiki, ásamt því að vinna þessa skýrslu.

Tölulegar niðurstöður 31.12. 1997

Meðaltals eiknunn sem dómaramatsmenn hafa gefið dómurum

hæsta einkunn 18 17x

lægsta einkunn 8

Dómari 1 17,5

Dómari 2 9,0

Dómari 3 13,3

Dómari 4 14,4

Dómari 5 14,5

Dómari 6 15,0

Dómari 7 11,0

Dómari 8 16,9

Dómari 9 15,0

Dómari 10 15,8

Dómari 11 14,0

Dómari 12 15,0

Dómari 13 17,4

Dómari 14 17,3

Dómari 15 16,8

Dómari 16 16,2

Dómari 17 14,0

Dómari 18 15,3

Dómari 19 16,8

Dómari 20 14,8

15,0

Stig frá þjálfurum

meðaltal

sigur 26,0

tap 25,2

mest hægt að fá 32

minnst 16

Frammistöðumat dómaramatsmanna

fjöldi

mjög góð 18-16 stig 7

góð 15-13 stig 11

viðunnandi 12-10 stig 1

sæmileg 9-7 stig 1

slök 6-4 stig 1

óviðunnan 3-1 stig

Framistöðumat dómara


	Mjög góður	Góður	Sæmilegur	Slæmur	Óviðunnandi
Frá dómaramatsmanni		1			
Frá þjálfara sigurliðs					
Frá þjálfara tapliðs		1		1	
Frá dómaranum	1				
Frá dómaramatsmanni			1		
Frá þjálfara sigurliðs				1	
Frá þjálfara tapliðs					1
Frá dómaranum	1				
Frá dómaramatsmanni		1			
Frá þjálfara sigurliðs				1	
Frá þjálfara tapliðs		1			
Frá dómaranum	1				
Frá dómaramatsmanni			1		
Frá þjálfara sigurliðs				1	
Frá þjálfara tapliðs		1			
Frá dómaranum	1				
Frá dómaramatsmanni	1				
